


Vinnusóknarmynstur og vinnusóknarsvæði Austurland



Vinnusóknarmynstur og vinnusóknarsvæði Austurland

VIAPLAN.IS

lilja@viaplan.is

Skýrsla 2016-02

24.janúar 2016

Efinsyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Niðurstöður	5
3	Bakgrunnur og forsaga	8
4	Mið-Austurland Íbúafjöldi og atvinna.....	9
5	Forsendur og framkvæmd	12
6	Niðurstöður – bakgrunnsupplýsingar	14
6.1	Kyn og aldur	14
6.2	Menntun.....	15
6.3	Möguleiki á að vinna heima.....	17
6.4	Ferðamáti	17
6.5	Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu	19
6.6	Ef þér býðist draumastarfið ?	22
6.7	Vegir og tilfinningar ?	24
6.7.1	Almennt um tegundir vega.....	25
6.7.2	Vegir á Austurlandi	27
7	Niðurstöður – vinnusóknarmynstur	32
7.1	Egilsstaðir - Vinnusóknarmynstur.....	35
7.2	Egilsstaðir - Búsetumynstur.....	39
7.3	Fellabær - Vinnusóknarmynstur	40
7.4	Fellabær - Búsetumynstur	43
7.5	Seyðisfjörður - Vinnusóknarmynstur.....	44
7.6	Seyðisfjörður - Búsetumynstur.....	47
7.7	Reyðarfjörður - Vinnusóknarmynstur.....	48
7.8	Reyðarfjörður/Fjarðarál - Búsetumynstur.....	52
7.9	Eskifjörður - Vinnusóknarmynstur.....	55
7.10	Eskifjörður- Búsetumynstur.....	59
7.11	Neskaupsstaður - Vinnusóknarmynstur	61
7.12	Neskaupsstaður - Búsetumynstur	65
7.13	Fáskrúðsfjörður - Vinnusóknarmynstur.....	67
7.14	Fáskrúðsfjörður - Búsetumynstur.....	71
7.15	Framhaldsskólar - Búsetumynstur.....	72
8	Niðurstöður - Vinnusóknarsvæði.....	75
9	Viðauki 1 – íbúafjöldi á landinu öllu (sveitarfélög með >300 íbúa), skipting milli kynja	85
10	Viðauki 2 – Spurningalistinn	87

1 Inngangur

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka búsetu starfsfólks á vinnustöðum á Mið-Austurlandi, til að fá hugmynd um vinnusóknarmynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði. Í sinni einföldustu mynd þýðir þetta að verkefnið ætlaði að svara því hvar fólk vinnur.

Vinnusóknarmynstur eru erlendis fundin þannig að búseta fólks og starfsstöð er samkeyrð í gagnabönkum hagstofu viðkomandi lands. Hérlendis finnast því miður ekki upplýsingar um starfsstöðvar fólks í opinberum gagnagrunnum, heldur einungis hjá fyrirtækjunum sjálfum eða bara alls ekki. Vonir standa til að þessar upplýsingar verði aðgengilegar á næstu árum, en á meðan svo er ekki, er til önnur leið til að finna þessi mynstur, þ.e. að spyrjast fyrir hjá fyrirtækjum og starfsmönnum sjálfum. Spurningaleiðin getur gefið góða mynd af vinnusóknarmynstri og þar af leiðandi vinnusóknarsvæði og því nýst vel í faglegar greiningar í skipulags- og samgöngumálum.

Markmiðið er að búa til gagnasafn um vinnusóknarmynstur á landsbyggðinni. Ástæðan fyrir því að þessi hluti Austurlands er tekin fyrir í þessu verkefni er sú að svæðið er nokkuð vel afmarkað og með nokkra stóra atvinnustaði sem draga starfsfólk víða að. Svæðið er heldur ekki það fjölmennt (upb. 7.000 íbúar 16 ára og eldri) að það geri greininguna of fyrirferðamikla. Á grunni niðurstaðna verði til lykilmælikvarðar um vegalengd sem fólk er tilbúið að ferðast daglega til vinnu.

Gagnasafnið mun styrkja verulega grunngreiningar sem vinna þarf í tengslum við Samgönguáætlun varðandi samgöngubætur innan vinnusóknarsvæða, Landsskipulagsstefnu, Sóknaráætlanir landshluta og aðrar staðbundnar greiningar. Þegar vinnusóknarmynstur og vinnusóknarsvæði liggja fyrir er hægt að greina bæði áhrif af skipulagsáætlunum og sömuleiðis sjá hvaða svæði, búsetu, atvinnuveg osfrv þarf að styrkja.

Samhliða þessu verkefni var sambærilegt verkefni unnið fyrir höfuðborgarsvæðið sem nefnist "Ferðamyndun og vinnusóknarmynstur" á höfuðborgarsvæðinu. Það verkefni er þó þeim takmörkunum háð að eingöngu er um stikkprufu frá nokkrum fyrirtækju að ræða og því erfiðara að draga heildarniðurstöður út frá því. Engu að síður eru niðurstöður verkefnanna borin saman þar sem við á þar sem áhugavert er að sjá hvort hegðun fólks er öðruvísi á Austurlandi en á Höfuðborgarsvæðinu.

Höfundur skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundur starfa hjá.

Þakkið er Ásta Þorleifsdóttir hjá Innanríkisráðuneytinu, Einar Jónsson hjá skipulagsstofnun og Árni Ragnarsson hjá Bygðastofnun sem aðstoðuðu við verkefnið. Ennfremur fá Starfsgreinafélagið Afl, Alcoa-Fjarðarál, Menntaskólinn á Egilsstöðum og Verkmenntaskóli Austurlands sérstakar þakkið fyrir að aðstoða við gagnaöflunina.

2 Niðurstöður

Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára á Mið – Austurlandi eru 4.655, af þeim tóku 896 þátt í verkefninu eða 19,2%, þannig að niðurstaðan telst tölfræðilega marktæk. Skipting milli karla og kvenna var nokkuð jöfn og menntunarstig svarar nokkuð vel til menntunarstigs þjóðarinnar í heild sinni. Lagðar voru annars vegar fyrir almennar spurningar um bakgrunn fólks, ferðamáta og almennan vilja til að ferðast og hins vegar voru lagðar fyrir fólk spurningar um búsetu og staðsetningu vinnustaðar. Helstu niðurstöður úr almennu spurningunum voru þær að stærsti hluti svarenda, eða um 70% vill vinna nálægt heimili sínu sé þess kostur eða í innan við 10 mín ferðalengd. Ennfremur eru eingöngu um 15-25% svarenda tilbúnir að ferðast meira en 40 mín daglega til vinnu jafnvel þó svo að um draumastarf væri að ræða. nánari niðurstöður úr almennu spurningunum má sjá í kafla 6.

Megintilgangur verkefnisins var að fá hugmynd um vinnusóknarmynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði. Í kafla 7 eru sýnd vinnusóknarmynstrin fyrir alla bæjarkjarnanna sem voru til skoðunar í verkefninu, Egilsstaði, Fellabær, Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Eskifjörður, Neskaupsstaður og Fáskrúðsfjörður. Við skoðun á vinnusóknarmynstrunum kom annars vegar í ljós að töluverður munur er á milli kynjanna þegar kemur að ferðum til vinnu og hins vegar að fólk virðist almennt ekki vera jafn hreyfanlegt og höfundur hafði gert sér í hugarlund áður en niðurstöður lágu fyrir.


Þegar kom að því að skilgreina vinnusóknarsvæði út frá vinnusóknarmynstrunum vandaðast málið aðeins þar sem ekki liggur fyrir nein nákvæm skilgreining á hugtakinu vinnusóknarsvæði. Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 og Samgönguáætlun 2015-2018 er unnið með skilgreiningu á hugtakinu vinnusóknarsvæði, þar sem átt er við stærri þéttbýliskjarna og aðra minni kjarna í kring þar sem íbúar geta sótt vinnu til daglega. Miðað við þessa skilgreiningu má í raun segja að Mið-Austurland allt sé eitt vinnusvæði því að það er mögulegt fyrir fólk að ferðast milli allra bæjarkjarna á einum degi.

Þegar niðurstöður verkefnisins lágu fyrir var hins vegar nokkuð ljóst að þó svo að það sé mögulegt fyrir fólk að ferðast milli allra bæjarkjarnanna er fólk almennt ekki að gera það nema til að sækja vinnu í Fjarðarál og tengd fyrirtæki. Reyðarfjörður verður þannig hluti af vinnusóknarsvæði allra hinna bæjarkjarnanna, en Fáskrúðsfjörður nær sem dæmi hins vegar ekki að teljast sem vinnusóknarsvæði fyrir Egilsstaði. Sömuleiðis var mjög mikill munur á niðurstöðum eftir kynjum og þannig er Reyðarfjörður vinnusóknarsvæði fyrir karla úr öllum hinum bæjarkjörnunum en hins vegar ekki þegar kemur að konum, þá nær Reyðarfjörður ekki að vera vinnusóknarsvæði fyrir hvorki Seyðisfjörð né Fellabæ.

Þegar kom að því að skilgreina vinnusóknarsvæðin, vaknaði því upp spurningin um hvað á að miða við þegar við skilgreinum vinnusóknarsvæði, er t.d Neskaupsstaður vinnusóknarsvæði fyrir Egilsstaði út af því að 0,5% íbúa Egilsstaða vinnur á Neskaupsstað? Flestir myndu sennilega svara því neitandi. Stóra spurningin er því við hvaða mörk á að miða þegar vinnusóknarsvæði er skilgreint, á að miða við svæði þar sem 90% íbúa sækir vinnu daglega, eða 80% eða 95%? Út frá gögnum þessa verkefnis voru vinnusvæðin skilgreind sem þau svæði þar sem 90% af íbúunum vinna. Reyndar var einnig ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður telja með í vinnusóknarsvæði. Þessi skilgreining er að sjálfsögðu opin til umræðu og breytinga. Ennfremur var vinnusóknarsvæðunum skipt upp eftir kynjum þar sem mikill munur er á milli þeirra. Niðurstöðurnar eru sýndar myndrænt í kafla 8 fyrir alla bæjarkjarnana, en í raun má segja að vinnusóknarsvæðin á Mið-Austurlandi séu eftirfarandi:

- Egilsstaðir – Fellabær – Reyðarfjörður (karlar og konur)
- Seyðisfjörður – Egilsstaðir – Reyðarfjörður (karlar og konur)
- Seyðisfjörður – Reyðarfjörður (karlar)
- Eskifjörður – Reyðarfjörður (karlar og konur)
- Neskaupsstaður – Reyðarfjörður (karlar og konur)
- Neskaupsstaður – Egilsstaður (konur)
- Fáskrúðsfjörður – Reyðarfjörður (karlar og konur)
- Fáskrúðsfjörður – Eskifjörður (konur)
- Reyðarfjörður

Ástæðan fyrir því að Reyðarfjörður stendur einn í ofangreindum lista er að íbúar Reyðarfjarðar vinna nær allir á Reyðarfirði, þannig að vinnusóknarsvæði þeirra er eingöngu Reyðarfjörður.



Mynd 2-1 Vinnusóknarsvæði fyrir Egilsstaði, blár litur fyrir karla og rauður litur fyrir konur

Niðurstöðurnar sýna því nokkuð skýrt að ekki er hægt að segja að Mið-Austurland geti talist sem eitt vinnusvæði, bæði vegna vegalengda og gæða vega. Áhrif Fjarðaráls eru þó greinilega sterk og ljóst að stór

fyrirtæki geta laðað fólk lengra að, það er þó eitt atriði varðandi Fjarðarál sem ekki var kannað í þessu verkefni og það er varðandi akstur fólks til vinnu. Fjarðarál sér starfsfólki fyrir rútuferðum og það er spurning hvort ferðavilji fólks myndi ekki breytast töluvert ef rútuferðir væru ekki í boði. Á Norðurlöndunum er notast við skattaafslátt á akstri fólks til vinnu, þegar það þarf að ferðast meira en 20 km til vinnu. Það er gert til þess að reyna að styðja við dreifðari byggðir og var í raun upphafið að því að gögnum um starfsstöðvar fólks var safnað inn hjá hagstofum Norðurlandanna. Hérlandis er slíkur skattaafsláttur ekki til staðar og því ljóst að það er mjög dýrt fyrir fólk að keyra langar vegalengdir til vinnu hérlandis ef að atvinnuveitandinn tekur ekki þátt í kostnaði.

Það skal tekið fram að þau vinnusóknarsvæði sem eru skilgreind hér miðast við stöðuna eins og hún er í dag, en ekki mögulegar framtíðarspár. Niðurstöðurnar sýna hins vegar skýrt að hafi fólk möguleikann á því, kýs það að vinna nálægt heimabyggð. Það má því velta fyrir sér hvort að framtíðarstefnan eigi að vera sú að reyna að stækka atvinnusvæði og fá fólk til að ferðast meira eða hvort að framtíðarstefnan eigi frekar að vera sú að reyna að styrkja fleiri byggðarsvæði.

Gagnasettið úr þessu verkefni er töluvert stórt og býður upp á töluverða möguleika á frekari greiningum, eins og t.d. eftir aldri, menntun og ferðamáta. Sem dæmi að þá væri hægt að skoða hvort að fólk með hærri/minni menntun ferðist lengra, hvor at yngra fólk ferðist styttra osfrv.

Ramminn utan um þetta verkefni var hins vegar ansi knappur sem gerði það að verkum að ekki var hægt að ráðast í allar þessar greiningar í þessu verkefni.

Það er svo eindregin ósk höfundar að þessar niðurstöður verði hvati fyrir ráðamenn til þess að gera gagnasöfnin á landsvísu mögulega í gegnum skattframtöl.

3 Bakgrunnur og forsaga

Árið 2007 var unnin skýrsla fyrir rannsóknarsjóð Vegagerðarinnar sem heitir „Störf inn í umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins“ <http://www.vegagerdin.is>

Þar kemur fram að upplýsingar um starfafjölda á höfuðborgarsvæðinu (og landinu öllu) liggur ekki fyrir hjá Hagstofunni líkt og tíðkast erlendis.

Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að nálgast þessar upplýsingar eru aðferðir við skráningu upplýsinganna hjá Hagstofu og Ríkisskattstjóra, en skráningin er með þeim hætti að í öllum stærri fyrirtækjum eru allir starfsmenn eingöngu skráðir í höfuðstöðvum. Þetta þýðir t.d. að allir ríkisstarfsmenn eru skráðir með starfsstöð hjá Fjársýslu ríkisins í Sölvhólsögötu, sem gefur þar af leiðandi töluvert skakkar niðurstöður ef nota á starfaupplýsingarnar í samfélagsgreiningar. Skortur á þessum upplýsingum þýðir t.d. að við getum ekki svarað því til um hversu margir á Egilsstöðum vinna á Egilsstöðum og hversu margir vinna annars staðar en á Egilsstöðum.

Í skýrslunni frá 2007 var bent á leiðir til að breyta þessu og höfðu þeir aðilar sem rætt var við, Samgönguráðuneytið, Vegagerðin, Hagstofan og Ríkisskattstjóri öll áhuga og skilning á verkefninu en töldu hins vegar óljóst hver bæri ábyrgð á málaflokknum og þar af leiðandi hvaðan verkbeiðni og fjármagn ættu að koma. Vandamálið hefur enn ekki verið leyst og því ennþá vöntun á upplýsingunum. Innanríkisráðuneytið, Byggðastofnun og Skipulagsstofnun hafa þó hafið samstarf með það að markmiði að hrinda söfnun upplýsinganna af stað.


Gera má ráð fyrir að nokkur ár munu líða í viðbót áður en upplýsingarnar liggja fyrir og er verkefnið hér því hugsað sem nokkurs konar grunnverkefni sem hægt er að nota niðurstöður úr bæði á meðan beðið er eftir fullum gagnaupplýsingum um starfafjölda og samhliða gögnunum þegar þau liggja fyrir.

Verkefnið snýr að því að rannsaka búsetu starfsmanna atvinnustaða, þ.m.t. framhaldsskóla á Mið-Austurlandi, nánar tiltekið á Egilsstöðum, Seyðisfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Neskaupsstað, með það að markmiði að skilgreina vinnusóknarsvæði. Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 og Samgönguáætlun 2015-2018 er unnið með hugtakið vinnusóknarsvæði og skilgreiningu á því þar sem vinnusóknarsvæði er skilgreint sem stærri þéttbýliskjarni og aðrir minni kjarnar í kring þar sem íbúar geta sótt vinnu til daglega.

Nákvæm skilgreining á mörkum vinnusóknarsvæða er hins vegar ekki möguleg í dag út af gagnaskorti. Minni greiningar hafa verið unnar sem gefa til kynna að t.d. Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Eskifjörður og Neskaupsstaður séu þéttbýliskjarnar sem myndi eitt vinnusóknarsvæði. Niðurstöður þessa verkefnis sýna hins vegar að Austurland er í raun nokkur vinnusóknarsvæði.

4 Mið-Austurland Íbúafjöldi og atvinna

Mið-Austurland er skilgreint hér sem Egilsstaðir, Fellabær Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Eskifjörður og Neskaupsstaður.



Mynd 4-1 Verkefnasvæðið

Egilsstaðir og Fellabær tilheyra sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði en Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Eskifjörður og Neskaupsstaður eru hluti af sveitarfélaginu Fjarðarbyggð og Seyðisfjörður er sitt eigið sveitarfélag. Í töflum 4.1 og 4.2 má sjá íbúafjölda og hlutfall karla og kvenna 1.janúar 2015 í bæjarkjörnum í þessu verkefni.

	Egils- staðir	Fella- bær	Seyðis- fjörður	Neskaups- staður	Eski- fjörður	Reyðar- fjörður	Fáskrúðs- fjörður
Alls	2.319	404	639	1.510	1.026	1.180	671
Konur	1.159	200	308	716	477	524	311
Karlar	1.160	204	331	794	549	656	360

Tafla 4-1 Íbúafjöldi á Miðausturlandi

	Egils- staðir	Fella- bær	Seyðis- fjörður	Neskaups- staður	Eski- fjörður	Reyðar- fjörður	Fáskrúðs- fjörður
Alls	2.319	404	639	1.510	1.026	1.180	671
Konur	0,50	0,50	0,48	0,47	0,46	0,44	0,46
Karlar	0,50	0,50	0,52	0,53	0,54	0,56	0,54

Tafla 4-2 Íbúafjöldi á Mið-Austurlandi og hlutfall karla og kvenna eftir bæjarkjörnum

Þegar skoðað er hlutfall kynjanna í bæjarkjörnunum vekur kynjaskekkjan á fjörðunum athygli, á meðan Egilsstaðir og Fellabær eru með jöfn hlutföll er töluverður munur á öllum fjörðunum þar sem hlutfall karla er töluvert hærra en kvenna og í tilfalli Reyðarfjarðar eru 12 prósentustig í mun á milli kynjanna með 44% konur og 56% karla.

Á landsvísu er reyndar hlutfall karla örlítið hærra en kvenna, eða 50,2% karlar á móti 49,8% konum og almennt er hlutfallið aðeins skakkara á landsbyggðinni konum í óhag. Svotil einu svæðin á landinu þar sem konur eru fleiri en karlar er á höfuðborgarsvæðinu og í Eyjafirði (sjá töflu í viðauka 1). Af 75 sveitarfélögum á landinu er Fjarðarbyggð í 10. neðsta sæti og Seyðisfjörður í 21. neðsta sæti þegar kemur að kynjaskekkju. Þessi staðreynd er áhugaverð fyrir bæjarfélögin að velta fyrir sér þegar kemur að því að reyna að laða fólk til sín. Í töflu 3 er hægt að sjá nánari skiptingu íbúa eftir aldursbilum

	Egils- staðir	Fella- bær	Seyðis- fjörður	Neskaups- staður	Eski- fjörður	Reyðar- fjörður	Fáskrúðs- fjörður	Samtals
Leikskólaaldur	229	26	39	145	99	113	68	719
Grunnskólaaldur	358	57	64	213	131	157	81	1.061
Framhaldsskólaaldur	132	28	29	81	64	80	40	454
Vinnandi (20-67)	1.352	251	403	882	626	731	410	4.655
Eftirlaun (67-100)	248	42	104	189	106	99	72	860
Samtals	2.319	404	639	1.510	1.026	1.180	671	7.749

Tafla 4-3 Íbúafjöldi í bæjarkjörnum skipt upp í aldursbil

Heildarfjöldi íbúa á vinnualdri 20-67 ár eru 4.655.

Af þessum fjölda eru um 600 manns sem starfa hjá Alcoa og tengdum fyrirtækjum á Hrauni eða sem samsvarar um 13% af fólki á vinnualdri á Mið – Austurlandi. Alcoa fyllir því mjög mikið í gagnasettinu og skekkir í raun aðeins niðurstöðurnar þar sem vinnusóknarmynstrin eru mjög breytileg eftir því hvort þau eru skoðuð með Alcoa inn í eða án. Alcoa veitti upplýsingar um búsetu allra starfsmanna sinna og því var nauðsynlegt að greina niðurstöður bæði með og án Alcoa þegar kom að því að heimfæra niðurstöðurnar yfir á heildarmengi vinnandi fólks og var þá gert ráð fyrir að þeir sem ekki tóki þátt í verkefninu fylgdu mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa, þar sem allt starfsfólk Alcoa er nú þegar með í verkefninu.

Þó svo að mörk verkefnisins hafi miðast við ofangreind bæjarfélög, komu svör frá ýmsum öðrum bæjarfélögum líka inn, eins og t.d frá Vopnafirði, Höfn í Hornafirði, Stöðvarfirði og Borgarfirði eystra. Þetta voru hins vegar fá svör og því voru mörk verkefnisins ekki stækkuð.

5 Forsendur og framkvæmd


Framkvæmd verkefnisins fór þannig fram að byrjað var á að gera spurningalista sem var aðgengilegur til að svara á netinu í gegnum síðuna SurveyMonkey. Spurningar voru í stuttu máli eftirfarandi (heildaruppsetningu spurningalistans má sjá í viðauka 2):

1. Kyn ?
2. Fæðingarár ?
3. Hvar er vinnustaður þinn ?
4. Hvar býrðu ?
5. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar ?
6. Hefur þú möguleika í núverandi vinnu að vinna heima hjá þér ?
7. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til vinnu ?
8. Notar þú einhvern annan ferðamáta stundum til vinnu ?
9. Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu þinnar, hvað væri vinnan langt frá heimili þínu ?
10. Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu ?
11. Hversu aðlaðandi/fráhrindandi eru Fjallvegur/Heiði/Göng/Malbikaður vegur/Malarvegur ?
12. Hversu aðlaðandi/fráhrindandi eru Fagrigdalur/Oddsskarð/Fjarðarheiði/Fáskrúðsfjarðargöng ?

Spurningar 1,2 og 5 eru bakgrunnsspurningar um kyn, aldur og menntun. Spurningar 3 og 4 eru meginþema verkefnisins þar sem spurt er annars vegar um vinnustað og hins vegar um búsetu. Spurningar 6 til 12 eru ýmsar viðbótarspurningar til að reyna að ná utan um ferðamáta fólks til vinnu og almennan vilja til að ferðast.

Gengið var í fyrirtæki á Austurlandi í lok maí mánaðar 2015 til að reyna að fá sem flesta til að taka þátt. Spurningalistinn er þannig gerður að eingöngu er hægt að svara honum einu sinni frá hverri tölvu (IP tölu) sem tryggir að ekki sé hægt að svindla eða eyðileggja niðurstöðurnar. Ennfremur voru flestar spurningar þannig stilltar að fólk varð að svara þeim til að geta sent niðurstöður inn. Í örfáum tilfellum var fólk gert kleift að svara spurningunum á pappír, þetta átti í flestum tilfellum við eldra fólk eða verkamenn sem ekki höfðu aðgengi að tölvu.

Flest fyrirtæki tóku vel í þátttöku, en mestu munaði um samvinnu við starfsgreinafélagið Afl sem sendi spurningalistann út á félagsmenn sína. Þátttaka Afls var bæði mikilvæg í ljósi þess að ná til fleira fólks en engu að síður til að ná meiri dreifingu í menntunarstig þátttakenda. Það að ganga í fyrirtæki er nefnilega þeim annmörkum háð að flestir af þeim sem svara eru háskólamenntað fólk sem situr fyrir framan tölvu á daginn. Með þátttöku Afls tókst einnig að ná til iðnaðarmanna og ófaglærðra og þannig varð dreifing þeirra sem svöruðu spurningalistanum í góðu samræmi við dreifingu á landsvísu, sjá mynd 1. Alls svöruðu 553 spurningalistanum eða 11,9% af vinnandi fólki.



Graf 5-1 Menntunarstig þeirra sem svöruðu spurningalista (alls 553 svör)

Fjarðarál, Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) og Verkmenntaskóli Austurlands (VA) tóku einnig þátt í verkefninu með því að veita upplýsingar um búsetu starfsfólks og nemenda. Þáttaka þeirra var því með aðeins öðruvísi sniði þar sem þau svöruðu ekki spurningalistanum og því er eingöngu hægt að nota upplýsingar frá þeim í greiningu á búsetu miðað við vinnustað (spurningar 1-4 í spurningalista) en ekki fyrir almennu spurningarnar (spurningar 5-12)

Upplýsingar Fjarðaráls voru fyrir 517 starfsmenn og átti eingöngu við um starfsmenn sem voru í vinnu hjá Fjarðaráli en ekki verktaka. Upplýsingar frá ME voru fyrir 270 nemendur og VA fyrir 120 nemendur. Allt í allt fengust því upplýsingar um búsetu og vinnu/framhaldsskóla fyrir 907 manns.

Heildarmengið sem svaraði spurningum 1-4 úr spurningalistanum var 907 svör frá Fjarðarál, ME og VA og 553 svör sem svöruðu spurningalistanum eða í heildina 1.460.

Heildarmengið sem svaraði spurningum 5-12 úr spurningalistanum voru hinsvegar 553.

Við nánari greiningu á spurningum 1-4 um búsetu og vinnustað var nauðsynlegt að hreinsa gögnin aðeins, til þess að tvítelja ekki starfsmenn Fjarðaráls sem höfðu svarað spurningalistanum á netinu (gegnum tölvupóst frá Afl starfsgreinafélagi) en voru einnig í gögnum frá starfsmannasviði Fjarðaráls. Farið var handvirkt yfir öll svör og þar sem augljóst þótti að um sama aðila væri að ræða út frá svari um kyn, aldur og búsetu var sá aðili aðeins tekinn með einu sinni í gagnasettið. Heildarmengi þeirra sem svöruðu spurningum 1-4 lækkaði því úr 1.460 niður í 1.286. Svör framhaldsskólanema frá ME og VA voru ekki greind nema að litlu ráði í þessu verkefni sökum tímaskorts, en séu þau svör dreign frá (390 talsins) lækkar heildarmengið sem svaraði niður í 896 svör

6 Niðurstöður – bakgrunnsupplýsingar

Eins og áður hefur komið fram eru spurningar 3 og 4 um annars vegar vinnustað og hins vegar búsetu meginþema þessa verkefnis og er nánar fjallað um þær niðurstöður í köflum 7 og 8.


Bakgrunnsupplýsingarnar úr hinum spurningum gerir það hins vegar að verkum að gagnasettið í heild sinni býður upp á töluverða möguleika á greiningum eftir t.d aldri, kyni, menntun og ferðamáta. Sem dæmi að þá væri hægt að skoða hvort ferðamynstrið er mismunandi fyrir konur og karla, ferðast karlar almennt lengra en konur? Sömuleiðis væri hægt að velta því fram hvort að fólk með hærri/minni menntun ferðist lengra, hvor at yngra fólk ferðist styttra osfrv.

Ramminn utan um þetta verkefna var hins vegar ansi knappur sem gerði það að verkum að ekki var hægt að ráðast í allar þessar greiningar í þessu verkefni. Gögn og niðurstöður eru engu að síður sýnd hérna skipt niður eftir kynjum.


Helstu almennu niðurstöður þeirra 553 aðila sem svöruðu öllum spurningum 5-12 eru teknar saman í kafla 6 og er skipt niður eftir kynjum.

6.1 Kyn og aldur

Alls svöruðu 553 aðilar spurningalistanum í heild sinni, þar af voru 266 karlar og 286 konur og voru flestir þeirra sem svöruðu á aldrinum 30-60 ára (sjá graf 6.1 og 6.2)



Graf 6-1 Kyn svarenda (%)




Graf 6-2 Aldursdreifing svarenda - hlutfall


6.2 Menntun

Dreifing á menntunarstigi svarenda var í ágætu samræmi við meðaltalið á landsvísu. Samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands fyrir árið 2013 var hlutfall fólks á aldrinum 25-64 ára sem eingöngu höfðu lokið grunntun (styttra en framhaldsskóli og iðnskóli) 27,8%, þeirra sem lokið höfðu framhaldsskólanámi eða iðnnámi 36,1% og þeirra sem lokið höfðu háskólanámi voru 36%. Þegar tölurnar fyrir Austurland eru teknar saman í sömu flokkun eru niðursöðurnar þar 26% sem hafa lokið

grunnskólánámi, 31% hafa lokið framhaldsnámi eða iðnmenntun og 34% Háskólaprófi. Nánari flokkun á menntunarstigi þáttakenda má sjá á gröfum 6.3 og 6.4



Graf 6-3 Menntunarstig þeirra sem svöruðu spurningalista (alls 553 svör) - hlutfall




Graf 6-4 Menntun svarenda eftir kyni - hlutfall

Þegar menntunarstig svarenda er skoðað eftir kynjum er það nokkuð svipað nema þegar kemur að iðnnámi og B.Sc, B.A gráðum. Þar eru annars vegar mikið fleiri karlmenn með iðnmenntun en konur og hins vegar mikið fleiri konur með B.Sc, B.A gráðu heldur en karlar.

6.3 Möguleiki á að vinna heima

Spurt var um möguleika fólks til að vinna heima hjá sér. Ástæðan fyrir þessu var til þess að halda möguleikanum opnum á að greina niðurstöður á ferðum fólks eftir því hvort það hefur möguleika á að vinna heima eða ekki. Því miður hefur ekki reynst tími í þessu verkefni til að vinna úr þeim niðurstöðum, en það er án vafa áhugavert að sjá þær niðurstöður. Vinnumarkaðir erlendis eru margir hverjir að færast í þá átt að bjóða fólki upp á nokkra heimavinnudaga í mánuði til þess að reyna að laða starfsfólk að sem býr lengra í burtu og er ekki ólíklegt að sú þróun eigi eftir að verða hérlendis líka.

Niðurstöður spurningarinnar sýna að karlar á Austurlandi virðast hafa örlítið meiri möguleika á að vinna heima hjá sér. Langstærstur hluti þeirra sem svöruðu spurningunum eða milli 60 og 70% hafa þó ekki möguleika á að vinna heima.



Graf 6-5 Möguleikar svarenda á að vinna að hluta til heima hjá sér skipt niður eftir kynjum - hlutfall


6.4 Ferðamáti

Spurt var um ferðamáta fólks, þ.e. hvaða ferðamáta það notaði oftast í vinnuna. Niðurstöður þessarar spurningar (graf 6.6.) sýnir að rúmlega 60% karla nota bílinn daglega og tæplega 60% kvenna. Tæplega 30% kvenna ganga til vinnu en rúmlega 10% karla ganga, hins vegar nota rúm 20% karla strætó/rútu en eingöngu um 5% kvenna. Þessi stóri munur á strætó/rútu notkun kynjanna stafar að mestu leyti af rútuakstri starfsfólks í Fjarðarál.


Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður sömu spurningar úr verkefni fyrir höfuðborgarsvæðið (Ferðamyndun og vinnusóknarmynstur á höfuðborgarsvæðinu) sést að einkabílanotkun Austfirðinga til vinnu er töluvert lægri en einkabílanotkun á höfuðborgarsvæðinu (sjá graf 6.7). Sömuleiðis er fjöldi gangandi mun meiri á Austurlandi. Ástæðan fyrir þessum mun helgast að öllum líkindum af því að bæjarkjarnar á Austurlandi eru litlir sem þýðir að margir eru með stuttar vegalengdir til vinnu. Á höfuðborgarsvæðinu eru hins vegar væntanlega fleiri sem þurfa að ferðast aðeins lengra til vinnu. Þetta

væri þó áhugavert að skoða nánar og velta fyrir sér hvort það sé mögulega vaninn og eitthvað í umhverfi og skipulagi höfuðborgarsvæðisins sem gerir það að verkum að fólk tekur frekar bílinn á höfuðborgarsvæðinu en á Austurlandi.

Austfirðingar geta því verið stoltir af ferðamátadreifingu hjá sér sem jafnast á við dreifingu sem er svipuð og í helstu stórborgum á Norðurlöndum sem við Íslendingar miðum okkur oft við.




Graf 6-6 Ferðamáti sem svarendur nota oftast til vinnu, skipt eftir kynjum-hlutfall.



Graf 6-7 Samanburður á ferðamáta fólks til vinnu annars vegar á Austurlandi (blátt) og hins vegar á höfuðborgarsvæðinu (rautt)

Auk spurningar um val á ferðamáta oftast til vinnu, var einnig spurt hvort fólk notaði stundum aðra ferðamáta. Ástæðan fyrir þessari spurningu var að reyna að fá hugmynd um hversu stór hluti svaranda virðist annars vegar hafa möguleika á að nota mismunandi ferðamáta og hins vegar hafa hugarfarið til að skipta af og til um ferðamáta. Niðurstöðurnar á grafi 6.8 sýna að það eru tæp 30% karla sem nota alltaf sama ferðamáta en einungis tæp 20% kvenna sem nota alltaf sama ferðamáta.


Þannig eru heil 70-80% svarenda sem nota stundum aðra ferðamáta en þau nota oftast, um 25% nota bíl og hin 45-55% ganga, hjóla eða taka strætó/rútu.




Graf 6-8 Ferðamáti svarenda stundum til vinnu, skipt eftir kynjum- hlutfall.

6.5 Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu


Spurning 9 hljómaði þannig: "Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún langt frá heimili þínu" og valmöguleikarnir sem voru í boði voru frá 5 mínútum upp í 60+ mínútur fyrir ferðamátana bíl, strætó, reiðhjól og gangandi. Þessi spurning var lögð fyrir til að fá hugmynd um hverjar óskir fólks væri um fjarlægð til vinnu miðað við raunveruleikann sem það býr við í dag eða í raun að finna nokkurn veginn óskavegalengd þeirra til vinnu. Niðurstöðurnar fyrir þessa spurningu má sjá á gröfum 6.9-6.12




Graf 6-9 Fjarlægð frá vinnu í bíl ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu - hlutfall.



Graf 6-10 Fjarlægð frá vinnu í strætó ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu-hlutfall.



Graf 6-11 Fjarlægð frá vinnu með Reiðhjóli ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu - hlutfall.




Graf 6-12 Fjarlægð frá vinnu gangandi, ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu-hlutfall.

Niðurstöðurnar sýna skýrt að fólk kysi að hafa vinnuna nálægt heimilinu ef það fengi að ráða. Heil 50% svöruðu að, ef þeir réðu staðsetningu núverandi vinnu væri hún eingöngu í 5 mín fjarlægð með bíl frá heimilinu. Um 15% svöruðu í 10 mínútna fjarlægð og 15% í 15 mín fjarlægð og það var lítill munur á svari eftir kyni.


Fyrir hina ferðamátana strætó, reiðhjól og gangandi lengist vegalengdin í um 20 mín en þó er langstærstur meirihluti sem vill hafa vinnuna innan 10 mín fjarlægðar, sama hvaða ferðamáti er í boði.

6.6 Ef þér byðist draumastarfið ?


Spurning 10 hljómaði þannig "Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í vinnu" Valmöguleikarnir sem voru í boði voru frá 5 mínútum upp í 60+ mínútur fyrir ferðamátana bíl, strætó, reiðhjól og gangandi. Þessi spurning var sett upp sem nokkurs konar andstaða við spurningu 9 þar sem spurt var " ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu, hvað væri hún langt frá heimilinu". Með því að spyrja um draumastarfið er verið hér að reyna að fá út úr fólki hvað væri lengsti mögulegi ferðatími sem það geti hugsað sér að nota daglega til að komast til vinnu. Þessi spurning er vissulega þeim takmörkunum háð að draumastarfið er ansi breytilegt hugtak í huga flestra og meðan það getur verið eitthvað tiltölulega raunhæft starf hjá einum getur það hjá öðrum verið einhver óraunveruleiki. Engu að síður sýnir svörun við þessarri spurningu klárlega munstur í þá átt að fólk er tilbúið að ferðast lengra til vinnu daglega í draumastarfið en ef það réði staðsetningu núverandi vinnu. Niðurstöðurnar fyrir alla ferðamátana má sjá á gröfum 6.13-6.16




Graf 6-13 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í bíl fyrir draumastarfið.



Graf 6-14 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi í strætó fyrir draumastarfið.



Graf 6-15 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi með reiðhjól fyrir draumastarfið.



Graf 6-16 Hvað ertu tilbúinn að ferðast langt á hverjum degi gangandi fyrir draumastarfið.

Niðurstöðurnar hér sýna að fólk er klárlega viljugra til að ferðast lengra í draumastarfið, engu að síður vill þó stærstur hluti svarenda ennþá vera undir 30 mín að komast til vinnu. Í töflu 6.1 má sjá niðurstöður teknar saman (karlar+konur)

	<10 mín	20 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín+
Bíll	0,13	0,26	0,35	0,10	0,05	0,08
Strætó	0,28	0,19	0,31	0,13	0,11	0,17
Reiðhjól	0,17	0,39	0,18	0,04	0,05	0,12
Gangandi	0,13	0,37	0,20	0,04	0,01	0,13

Tafla 6-1 Vegalengdir sem svarendur (%) eru tilbúnir að ferðast daglega í draumastarfið


Niðurstöðurnar sýna t.d fyrir bíl að 13% svarenda er eingöngu tilbúið að ferðast að hámarki 10 mín daglega í draumastarfið, 26% eru tilbúnir að ferðast allt að 20 mín, 35% eru tilbúnir að ferðast allt að 30 mín, 10% allt að 40 mín, 5% allt að 50 mín og 8% eru tilbúnir að ferðast 60 mín eða meira. Ef litið er á alla ferðamáta má sjá að einungis um 15-25% svarenda er tilbúið að ferðast meira en 40 mín daglega til vinnu jafnvel þó svo að um draumastarf sé að ræða.

6.7 Vegir og tilfinningar ?


Síðustu spurningar könnunarinnar, spurningar 11 og 12 voru settar inn til að annars vegar reyna að fá huglægt mat þáttakanda almennt á nokkrum tegundum vega (malarvegur, malbik, fjallvegur, heiði, göng) og hins vegar að fá huglægt mat á ákveðnum vegköflum á Austurlandi (Fagridalur, Oddsskarð, Fjarðarheiði og Fáskrúðsfjarðargöng).

6.7.1 Almennt um tegundir vega


Í spurningu 11 var spurt um huglægt mat á mismunandi tegundum vega, malarvegur, malbik, fjallvegur, heiði og göng). Spurt var hversu aðlaðandi eða fráhrindandi fólki fyndist vegtegundirnar. Niðurstöðurnar má sjá á myndum 6.17-6.21 skipt niður eftir kynjum.




Graf 6-17 Malarvegur




Graf 6-18 Malbikaður vegur



Graf 6-19 Heiði



Graf 6-20 Fjallvegur




Graf 6-21 Göng


Niðurstöðurnar eru nokkuð eindregið á þá vega að fólki finnst almennt malbikaðir vegir meira aðlaðandi en malarvegir og göng almennt meira aðlaðandi en fjallvegir og heiði. Bæði kynin eru mjög sammála þegar kemur að malarvegum og malbikuðum vegum, en konum virðist finnast fjallvegir og heiði töluvert meira fráhrindandi en körlum. Sömuleiðis virðist körlum finnast göng meira aðlaðandi en konum.

6.7.2 Vegir á Austurlandi


Í lok spurningalistans var fólk spurt um skoðun á ákveðnum vegköflum á Austurlandi. Þeir vegir sem spurt var um voru Fagridalur, Oddsskarð, Fjarðarheiði og Fáskrúðsfjarðargöng




Mynd 6-1 Yfirlitsmynd yfir þá vegkafla sem fólk var spurt áljts á




Graf 6-22 Fagridalur



Graf 6-23 Oddsskarð



Graf 6-24 Fjarðarheiði



Graf 6-25 Fáskrúðsfjarðargöng

Niðurstöðurnar eru nokkuð einhliða á þá vegu að nær engum finnst Fagridalur, Oddsskarð eða Fjarðarheiði aðlaðandi vegir. Hins vegar finnst meirihluta svarenda Fáskrúðsfjarðargöng vera frekar eða mjög aðlaðandi. Hærra hlutfalli kvenna finnst Fagridalur, Oddsskarð og Fjarðarheiði vera mjög fráhrindandi á meðan karlarnir svara að þeim finnist vegirnir frekar fráhrindandi. Það er í raun ekki mikið sem kemur á óvart í

svörum við þessari síðustu spurningu, hún er kannski frekar staðfesting á því að göng eru almennt talin samgöngubót á stöðum þar sem annars er mikið um erfiða vegi.


7 Niðurstöður – Vinnusóknarmynstur

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka búsetu starfsfólks á vinnustöðum á Mið-Austurlandi, til að fá hugmynd um vinnusóknarmynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði.

Mið-Austurland er skilgreint hér sem Egilsstaðir, Fellabær, Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Eskifjörður og Neskaupsstaður. Vinnusóknarmynstrin eru sýnd fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig í köflum 7.1 – 7.15. Ennfremur eru sýndar niðurstöður sér fyrir Menntaskólann á Egilsstöðum, Verkmenntaskóla Austurlands og fyrir Alcoa.


Til þess að gæta að persónuvernd fór úrvinnsla niðurstaðna þannig fram að svörum var safnað í ákveðin svæði eða reiti. Þannig eru allir þeir sem búa á Egilsstöðum merktir inn á einn stað á Egilsstöðum í stað þess að vera hver merktur inn á sitt heimilisfang. Þetta er þekkt aðferð í samgöngugreiningum, þar sem gögnum er safnað saman í ákveðna reiti. Allir þeir sem vinna á Egilsstöðum eru svo merktir inn á annan stað til þess að geta sýnt straum þeirra sem bæði vinna og eiga heima á Egilsstöðum. Á mynd 7.1 fyrir neðan má t.d. sjá að þeir sem eiga heima á Egilsstöðum eru staðsettir u.þ.b. við Selás (Egilsstaðir H) á meðan þeir sem vinna á Egilsstöðum eru staðsettir u.þ.b. við Miðvang (Egilsstaðir V).

Straumur eða vinnusóknarmynstur þeirra sem bæði búa og vinna á Egilsstöðum er síðan sýnt með þykku dökkrauðu línunni á milli heimilis og vinnustaðar.



Mynd 7-1 Dæmi um hvernig gögnum er safnað saman í reiti eða punkta fyrir ákveðin svæði, hér Egilsstaði.


Vinnusóknarmynstrin eru sýnd sem dökkrauðar línur í beinni loftlínu á milli staða, en auk þess voru skilgreindar svokallaðar "Isochrones línur" sem sýna raunvegalengd í km á svæðinu



Mynd 7-2 Egilsstaðir og Fellabær, yfirlit yfir vegalengdir með Isochrones

Á mynd 7.2 fyrir ofan má sjá hvernig Isochrones línur eru notaðar til að sýna vegalengdir út frá ákveðnum punkti, í þessu tilfalli Egilsstaðir. Litaskalinn á vegunum er útskýrður í litaskala í hægra horni myndarinnar, þar sem grár litur er vegalengd undir 5 km , ljósgrænn vegalengd undir 10 km osfrv. Skipting skalans endar með svörtum lit sem táknar vegalengd yfir 60 km. Á sams konar hátt er hægt að búa til skala fyrir ferðatíma í mínútum, það krefst þess hins vegar að meðalhraði veganna sé skilgreindur nokkuð vel og það gafst því miður ekki tími til þeirrar greiningar innan ramma þessa verkefnis.

Á mynd 7.3 fyrir neðan má síðan sjá þar sem búið er að blanda saman myndum 7.1 og 7.2 með upplýsingum bæði um vinnusóknarmynstur í loftlínu og vegalengd í kílómetrum (Isochrones)



Mynd 7-3 Dæmi um vinnusóknarmynstur fyrir þá sem eiga heima í Fellabæ

Niðurstöður fyrir vinnusóknarmynstur í köflum 7.1-7.15 eru sýndar grafískt fyrir heildarniðurstöður, þ.e. heildartölur fyrir karla og konur saman. Í töflum sem fylgja hverjum bæjarkjarna eru síðan nánari upplýsingar um skiptingu eftir kynjum.


Orðið vinnusóknarmynstur er athugun á því hvar fólk vinnur miðað við hvar það býr, en að sama skapi er einnig til mynstur sem mætti kalla búsetumynstur sem er athugun á því hvar fólk býr miðað við hvar það vinnur. Fyrir hvern bæjarkjarna er þannig teiknað upp annars vegar vinnusóknarmynstur og hins vegar búsetumynstur.

Starfsfólk Fjarðaráls er inn í tölunum fyrir alla bæjarkjarna en þar sem upplýsingar fengust frá Fjarðaráli (Alcoa) fyrir alla starfsmenn (án verktaka) fær Fjarðaráli einnig sinn sérkafla þar sem mynstur þeirra er sýnt, það mynstur er þá búsetumynstur starfsmanna Fjarðaráls.


Í töflum sem fylgja niðurstöðum hvers bæjarkjarna fyrir sig eru niðurstöðum skipt upp sem heildarniðurstöður með Fjarðaráli og án Fjarðaráls. Ástæðan fyrir því að þessu er skipt upp á þennan hátt er að eins og áður hefur komið fram fengust upplýsingar um alla starfsmenn Fjarðaráls, sem þýðir að það er heildarmengið. Hin svörin sem fengust almennt eru hins vegar bara hlutmengi og það er nauðsynlegt að hafa í huga þegar reynt er að skala niðurstöðurnar upp til að heimfæra á alla íbúa svæðisins.

Það skal einnig tekið fram að niðurstöður fyrir framhaldsskólana ME og VA eru teknir í sérkafla fyrir sig. Ástæðan fyrir því er að hegðun þess hóps helgast af því að það eru einungis tveir valmöguleikar í boði á svæðinu.

7.1 Egilsstaðir - Vinnusóknarmynstur



Mynd 7-4 Egilsstaðir og Fellabær, yfirlit yfir vegalengdir



Mynd 7-5 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem eiga heima á Egilsstöðum

Nánari greining á niðurstöðum fyrir Egilsstaði má sjá í töflu 7.1, þar sem niðurstöðum er bæði skipt upp eftir kyni en einnig eftir því hvort að starfsmenn Alcoa Fjarðarál séu inn í tölunum eða ekki. Ástæðan fyrir því að gerður er greinarmunur á því hvort Alcoa Fjarðarál sé með í tölunum eða ekki er sú að gögnin sem fengust frá Fjarðaráli innihélt upplýsingar um alla starfsmenn fyrirtækisins. Það þýðir að þegar á að heimfæra gögnin yfir á alla íbúa svæðisins er líklegra að þeir fylgi sama mynstri og þeir sem ekki starfa hjá Alcoa (fyrstu þrjú dálkarnir í töflu 7.1)

	Hvar vinna þeir sem búa á Egilsstöðum (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa á Egilsstöðum (með Alcoa)		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Egilsstaðir	144	56	88	144	56	88
Fellabær	8	2	6	8	2	6
Seyðisfjörður						
Reyðarfjörður	36	27	9	161	124	37
Eskifjörður						
Neskaupsstaður	1	1		1	1	
Fáskrúðsfjörður						
Samtals	189	86	103	314	183	131

Tafla 7-1 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem búa á Egilsstöðum, skipt niður eftir kyni og því hvort að starfsmenn Alcoa séu með í tölunum eða ekki.

Í töflu 7.2 fyrir neðan er tölunum breytt í hlutfall og sömuleiðis er sett inn fjarlægð frá Egilsstöðum í alla bæjarkjarna í kílómetrum.

	Fjarlægð frá Egilsstöðum (km)	Hvar vinna þeir sem búa á Egilsstöðum (án Alcoa) Hlutfall			Hvar vinna þeir sem búa á Egilsstöðum (með Alcoa) Hlutfall		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	2	0,76	0,65	0,85	0,46	0,31	0,67
Fellabær	5	0,04	0,02	0,06	0,03	0,01	0,05
Seyðisfjörður	27						
Reyðarfjörður	36	0,19	0,31	0,09	0,51	0,68	0,28
Eskifjörður	49						
Neskaupsstaður	71	0,01	0,01	0,00	0,00	0,01	0,00
Fáskrúðsfjörður	51						

Tafla 7-2 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir þá sem búa á Egilsstöðum ásamt fjarlægð í kílómetrum frá bæjarkjörnum

Ef skoðaðir eru fyrstu þrjú dálkarnir fyrir svör án Alcoa eru samtals 80% þeirra sem búa á Egilsstöðum sem vinna einnig á Egilsstöðum eða í Fellabæ. Þetta hlutfall er hins vegar töluvert mismunandi eftir kynjum, 67% karla á móti 91% kvenna. Séu síðustu þrjú dálkarnir sem innihalda einnig svör frá starfsmönnum Alcoa sést að hlutföllin breytast mikið, niður í að eingöngu 49% þeirra sem búa á Egilsstöðum vinni á Egilsstöðum eða í Fellabæ og hlutfallið milli karla og kvenna skekkist einnig mikið, niður í 32% karla og 72% kvenna.

Ef skoðaðar eru nánar samtals dálkarnir tveir í töflu 7.2, annars vegar fyrir niðurstöður með Alcoa og hins vegar án má gera má ráð fyrir að heildarniðurstöður fyrir allt vinnandi fólk sem býr á Egilsstöðum liggja á milli þessarra tveggja gilda.


Í töflu 7.3 fyrir neðan eru niðurstöðurnar heimfærðar yfir á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Egilsstöðum. Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára sem býr á Egilsstöðum eru 1.352 samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 1.janúar 2015, sem skiptist í 682 karla og 670 konur. Af þessum 1.352 tóku 314 þátt í verkefninu, 183 karlar og 131 kona, eftir standa því 935 manns sem ekki tóku þátt (499 karl og 539 konur). Gert er ráð fyrir að þessir 935 fylgi vinnusóknarmynstri í fyrstu þremur dálkum í töflu 7.2, þess mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa þar sem upplýsingar um alla starfsmenn Alcoa eru nú þegar með í verkefninu.

	Fjarlægð frá Egilsstöðum	Hvar vinna þeir sem búa á Egilsstöðum, heimfært á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára (Hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)			
Egilsstaðir	2	0,691	0,56	0,82
Fellabær	5	0,038	0,02	0,06
Seyðisfjörður	27			
Reyðarfjörður	36	0,265	0,41	0,13
Eskifjörður	49			
Neskaupsstaður	71	0,005	0,01	0,00
Fáskrúðsfjörður	51			

Tafla 7-3 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Egilsstöðum

Af niðurstöðunum í töflu 7.3 má sjá að 73% vinnandi fólks sem býr á Egilsstöðum vinnur á Egilsstöðum eða í Fellabæ, þ.e.a.s í undir 5 km fjarlægð frá heimili. Hlutfallið er 58% fyrir karla og 88% fyrir konur sem verður að teljast verulegur munur og helgast að mestu leiti af því að hlutfall karla sem vinna í Fjarðaráli er mikið hærra en kvenna eða 41% karla á móti 13% kvenna.

7.2 Egilsstaðir - Búsetumynstur



Mynd 7-6 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Egilsstöðum


Þegar skoðað er búsetumynstur fyrir Egilsstaði í staðinn fyrir vinnusóknarmynstur, þ.e. hvar fólk sem vinnur á Egilsstöðum býr sést á mynd 7.6 að búsetumynstrið er töluvert öðruvísi en vinnusóknarmynstrið á mynd 7.5. Nánari greining á niðurstöðum fyrir búsetumynstur þeirra sem vinna á Egilsstöðum má sjá í töflu 7.4, þar sem niðurstöðum er skipt upp eftir kyni og gefið upp sem hlutfall. Hérna skiptir Alcoa Fjarðaráll ekki máli því eingöngu er um vinnandi fólk á Egilsstöðum að ræða. Búsetumynstrið er ekki heldur hægt að heimfæra yfir á alla þá sem vinna á Egilsstöðum, líkt og vinnusóknarmynstrin því að gögn um heildarfjölda starfa á Egilsstöðum eru því miður ekki til.

	Fjarlægð til Egilsstaða (km)	Hvar búa þeir sem vinna á Egilsstöðum			Hvar búa þeir sem vinna á Egilsstöðum (hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	2	144	56	88	0,88	0,88	0,89
Fellabær	5	13	7	6	0,08	0,11	0,06
Seyðisfjörður	27	2	1	1	0,01	0,02	0,01
Borgarfjörður	73						
Reyðarfjörður	36	2		2	0,01	0,00	0,02
Eskifjörður	49	1		1	0,01	0,00	0,01
Neskaupsstaður	71	1		1	0,01	0,00	0,01
Fáskrúðsfjörður	51						
Samtals		163	64	99	1	1	1

Tafla 7-4 Búsetumynstur fólks sem vinnur á Egilsstöðum

Niðurstöður fyrir búsetumynstur Egilsstaða sýna að heil 96% þeirra sem vinna á Egilsstöðum búa annaðhvort á Egilsstöðum eða í Fellabæ. Hlutfallið milli kvenna og karla er nærri eins.

7.3 Fellabær - Vinnusóknarmynstur



Mynd 7-7 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem eiga heima í Fellabæ

Nánari greining á niðurstöðum fyrir Fellabæ má sjá í töflu 7.5, þar sem niðurstöðum er bæði skipt upp eftir kyni en einnig eftir því hvort að starfsmenn Alcoa Fjarðarál séu inn í tölunum eða ekki. Ástæðan fyrir því að gerður er greinarmunur á því hvort Alcoa Fjarðarál sé með í tölunum eða ekki er sú að gögnin sem fengust frá Fjarðaráli innihélt upplýsingar um alla starfsmenn fyrirtækisins. Það þýðir að þegar á að heimfæra gögnin yfir á alla íbúa svæðisins er líklegra að þeir fylgi sama mynstri og þeir sem ekki starfa hjá Alcoa (fyrstu þrjú dálkarnir í töflu 7.5)

	Hvar vinna þeir sem búa í Fellabæ (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa í Fellabæ (með Alcoa)		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni						
Egilsstaðir	13	8	5	13	8	5
Fellabær	3		3	3		3
Seyðisfjörður						
Reyðarfjörður	3	3		17	11	6
Eskifjörður						
Neskaupsstaður						
Fáskrúðsfjörður						
Samtals	19	11	8	33	19	14

Tafla 7-5 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem búa í Fellabæ, skipt niður eftir kyni og því hvort að starfsmenn Alcoa séu með í tölunum eða ekki.

í töflu 7.6 fyrir neðan er tölunum breytt í hlutfall og sömuleiðis er sett inn fjarlægð frá Fellabæ í alla bæjarkjarna í kílómetrum.

	Fjarlægð frá Fellabæ	Hvar vinna þeir sem búa í Fellabæ (án Alcoa) Hlutfall			Hvar vinna þeir sem búa í Fellabæ (með Alcoa) Hlutfall		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	5	0,68	0,73	0,63	0,39	0,42	0,36
Fellabær	1	0,16	0,00	0,38	0,09	0,00	0,21
Seyðisfjörður	30						
Reyðarfjörður	39	0,16	0,27	0,00	0,52	0,58	0,43
Eskifjörður	52						
Neskaupsstaður	74						
Fáskrúðsfjörður	54						

Tafla 7-6 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir þá sem búa í Fellabæ ásamt fjarlægð í kílómetrum frá bæjarkjörnum

Ef skoðaðir eru fyrstu þrjú dálkarnir fyrir svör án Alcoa eru samtals 84% þeirra sem búa í Fellabæ sem vinna annaðhvort í Fellabæ eða á Egilsstöðum. Í síðustu þremur dálkunum sem innihalda einnig svör frá starfsmönnum Alcoa breytist hlutfallið töluvert og fer niður í 48% þeirra sem búa í Fellabæ vinni í Fellabæ og á Egilsstöðum.


Í töflu 7.7 fyrir neðan eru niðurstöðurnar heimfærðar yfir á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr í Fellabæ. Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára sem býr í Fellabæ eru 251 samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 1.janúar 2015, sem skiptist í 125 karla og 126 konur. Af þessum 251 tóku 33 þátt í verkefninu, 19 karlar og 14 kona, eftir standa því 218 manns sem ekki tóku þátt (106 karlar og 112 konur). Gert er ráð fyrir að þessir 218 fylgi vinnusóknarmynstri í fyrstu þremur dálkum í töflu 7.6, þess mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa þar sem upplýsingar um alla starfsmenn Alcoa eru nú þegar með í verkefninu.

	Fjarlægð frá Fellabæ	Hvar vinna þeir sem búa í Fellabæ, heimfært á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára (Hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)			
Egilsstaðir	5	0,65	0,68	0,60
Fellabær	1	0,15	0,00	0,36
Seyðisfjörður	30			
Reyðarfjörður	39	0,20	0,32	0,05
Eskifjörður	52			
Neskaupsstaður	74			
Fáskrúðsfjörður	54			

Tafla 7-7 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr í Fellabæ

Af niðurstöðunum í töflu 7.7 má sjá að 80% vinnandi fólks sem býr í Fellabæ vinnur á Egilsstöðum eða í Fellabæ, þ.e.a.s í undir 5 km fjarlægð frá heimili. Hlutfallið er 68% fyrir karla og 96% fyrir konur sem verður að teljast verulegur munur og helgast að mestu leiti af því að hlutfall karla sem vinna í Fjarðaráli er mikið hærra en kvenna eða 32% karla á móti 5% kvenna.

7.4 Fellabær - Búsetumynstur



Mynd 7-8 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna í Fellabæ


Þegar skoðað er búsetumynstur fyrir Fellabæ í staðinn fyrir vinnusóknarmynstur, þ.e. hvar fólk sem vinnur í Fellabæ býr sést á mynd 7.8 að búsetumynstrið er töluvert öðruvísi en vinnusóknarmynstrið á mynd 7.7. Nánari greining á niðurstöðum fyrir búsetumynstur þeirra sem vinna í Fellabæ má sjá í töflu 7.8, þar sem niðurstöðum er skipt upp eftir kyni og gefið upp sem hlutfall. Hérna skiptir Alcoa Fjarðarál ekki máli því eingöngu er um vinnandi fólk í Fellabæ að ræða.

	Fjarlægð til Fellabæjar (km)	Hvar búa þeir sem vinna í Fellabæ			Hvar búa þeir sem vinna í Fellabæ (hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni							
Egilsstaðir	5	8	2	6	0,73	1,00	0,67
Fellabær	1	3		3	0,27	0,00	0,33
Seyðisfjörður	30						
Reyðarfjörður	39						
Eskifjörður	52						
Neskaupsstaður	74						
Fáskrúðsfjörður	54						
Samtals		11	2	9	1	1	1

Tafla 7-8 Búsetumynstur fólks sem vinnur í Fellabæ

Niðurstöður fyrir búsetumynstur Fellabæjar sýna að allir þeirra sem vinna í Fellabæ búa annaðhvort á Egilsstöðum eða í Fellabæ. Taka verður fram hér aftur að eingöngu er hér um svör þeirra sem tóku þátt í verkefninu að ræða því ekki er hægt að heimfæra búsetumynstrið yfir á alla þá sem vinna í Fellabæ, líkt og vinnusóknarmynstrin því að gögn um heildarfjölda starfa í Fellabæ eru því miður ekki til.

7.5 Seyðisfjörður - Vinnusóknarmynstur



Mynd 7-9 Vinnusóknarmynstur og svæði fyrir þá sem eiga heima á Seyðisfirði

Nánari greining á niðurstöðum fyrir Seyðisfjörð má sjá í töflu 7.9, þar sem niðurstöðum er bæði skipt upp eftir kyni en einnig eftir því hvort að starfsmenn Alcoa Fjarðaráls séu inn í tölunum eða ekki. Ástæðan fyrir því að gerður er greinarmunur á því hvort Alcoa Fjarðarál sé með í tölunum eða ekki er sú að gögnin sem fengust frá Fjarðaráli innihélt upplýsingar um alla starfsmenn fyrirtækisins. Það þýðir að þegar á að heimfæra gögnin yfir á alla íbúa svæðisins er líklegra að þeir fylgi sama mynstri og þeir sem ekki starfa hjá Alcoa (fyrstu þrjú dálkarnir í töflu 7.9)

	Hvar vinna þeir sem búa á Seyðisfirði (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa á Seyðisfirði (með Alcoa)		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni						
Egilsstaðir	2	1	1	2	1	1
Fellabær						
Seyðisfjörður	18	8	10	18	8	10
Reyðarfjörður	1	1		13	13	
Eskifjörður						
Neskaupsstaður						
Fáskrúðsfjörður						
Samtals	21	10	11	33	22	11

Tafla 7-9 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem búa á Seyðisfirði, skipt niður eftir kyni og því hvort að starfsmenn Alcoa séu með í tölunum eða ekki.

Í töflu 7.10 fyrir neðan er tölunum breytt í hlutfall og sömuleiðis er sett inn fjarlægð frá Egilsstöðum í alla bæjarkjarna í kílómetrum.

	Fjarlægð frá Seyðisfirði	Hvar vinna þeir sem búa á Seyðisfirði (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa á Seyðisfirði (með Alcoa)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	27	0,10	0,10	0,09	0,06	0,05	0,09
Fellabær	30						
Seyðisfjörður	1	0,86	0,80	0,91	0,55	0,36	0,91
Reyðarfjörður	60	0,05	0,10	0,00	0,39	0,59	0,00
Eskifjörður	75						
Neskaupsstaður	97						
Fáskrúðsfjörður	75						

Tafla 7-10 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir þá sem búa á Seyðisfirði ásamt fjarlægð í kílómetrum frá bæjarkjörnum

Ef skoðaðir eru fyrstu þrjú dálkarnir fyrir svör án Alcoa eru 86% þeirra sem búa á Seyðisfirði sem vinna á Seyðisfirði. Í síðustu þremur dálkunum sem innihalda einnig svör frá starfsmönnum Alcoa breytist hlutfallið töluvert og fer niður í 55% þeirra sem búa á Seyðisfirði vinni einnig á Seyðisfirði og hlutfallið milli kynja skekkist mjög, fer niður í 36% fyrir karla en er enn 91% fyrir konur.


Í töflu 7.11 fyrir neðan eru niðurstöðurnar heimfærðar yfir á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem búa á Seyðisfirði. Það skal þó tekið fram að svörin fyrir Seyðisfjörð eru tiltölulega fá eða eingöngu 33 svör af 403 íbúum á vinnualdrinum 20-67 ára eða 8% og því er óvissan hugsanlega meiri heldur en fyrir hina bæjarkjarnanna þar sem svörunin var á bilinu 15-25%. Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára sem býr á Seyðisfirði eru 403 samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 1.janúar 2015, sem skiptist í 214 karla og 189 konur. Af þessum 403 tóku 33 þátt í verkefninu, 22 karlar og 11 konur, eftir standa því 370 manns sem ekki tóku þátt (192 karlar og 179 kona). Gert er ráð fyrir að þessir 370 fylgi vinnusóknarmynstri í fyrstu þremur dálkum í töflu 7.10, þess mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa þar sem upplýsingar um alla starfsmenn Alcoa eru nú þegar með í verkefninu.

	Fjarlægð frá Seyðisfirði	Hvar vinna þeir sem búa á Seyðisfirði, heimfært á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára (Hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)			
Egilsstaðir	27	0,09	0,09	0,09
Fellabær	30			
Seyðisfjörður	1	0,83	0,76	0,91
Reyðarfjörður	60	0,08	0,14	0,00
Eskifjörður	75			
Neskaupsstaður	97			
Fáskrúðsfjörður	75			

Tafla 7-11 Vinnusóknarmynstur(hlutfall) fyrir allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Seyðisfirði

Af niðurstöðunum í töflu 7.11 má sjá að 83% vinnandi fólks sem býr á Seyðisfirði vinnur á Seyðisfirði. Hlutfallið er 76% fyrir karla og 91% fyrir konur sem verður að teljast verulegur munur og skýrist af því að hlutfall karla sem vinna í Fjarðaráli er hærra en kvenna eða 14% karla á móti 0% kvenna.


7.6 Seyðisfjörður - Búsetumynstur




Mynd 7-10 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Seyðisfirði

Þegar skoðað er búsetumynstur fyrir Seyðisfjörð í staðinn fyrir vinnusóknarmynstur, þ.e. hvar fólk sem vinnur á Seyðisfirði býr sést á mynd 7.10 að búsetumynstrið er töluvert öðruvísi en vinnusóknarmynstrið á mynd 7.9. Allir þeir sem tóku þátt í verkefninu sem vinna á Seyðisfirði (18 manns, 8 karlar og 10 konur) búa líka á Seyðisfirði. Úrtakið fyrir Seyðisfjörð var eins og áður hefur komið fram lítið og því er óvissan stærri, niðurstöður fyrir Seyðisfjörð benda hins vegar sterklega í þá átt að fólk sé ekki mikið að sækja vinnu daglega yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

7.7 Reyðarfjörður - Vinnusóknarmynstur



Mynd 7-11 Reyðarfjörður/Fjarðarál, yfirlit yfir vegalengdir



Mynd 7-12 Vinnusóknarmynstur og svæði fyrir þá sem eiga heima á Reyðarfirði

Nánari greining á niðurstöðum fyrir Reyðarfjörð má sjá í töflu 7.12, þar sem niðurstöðum er bæði skipt upp eftir kyni en einnig eftir því hvort að starfsmenn Alcoa Fjarðaráls séu inn í tölunum eða ekki. Ástæðan fyrir því að gerður er greinarmunur á því hvort Alcoa Fjarðarál sé með í tölunum eða ekki er sú að gögnin sem fengust frá Fjarðaráli innihélt upplýsingar um alla starfsmenn fyrirtækisins. Það þýðir að þegar á að heimfæra gögnin yfir á alla íbúa svæðisins er líklegra að þeir fylgi sama mynstri og þeir sem ekki starfa hjá Alcoa (fyrstu þrjú dálkarnir í töflu 7.12)

	Hvar vinna þeir sem búa á Reyðarfirði (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa á Reyðarfirði (með Alcoa)		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni						
Egilsstaðir	2		2	2		2
Fellabær						
Seyðisfjörður						
Reyðarfjörður	77	41	36	206	132	74
Eskifjörður	3	2	1	3	2	1
Neskaupsstaður	3	2	1	3	2	1
Fáskrúðsfjörður						
Samtals	85	45	40	214	136	78

Tafla 7-12 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem búa á Reyðarfirði, skipt niður eftir kyni og því hvort að starfsmenn Alcoa séu með í tölunum eða ekki.

Í töflu 7.13 fyrir neðan er tölunum breytt í hlutfall og sömuleiðis er sett inn fjarlægð frá Reyðarfirði í alla bæjarkjarna í kílómetrum.

	Fjarlægð frá Reyðarfirði (km)	Hvar vinna þeir sem búa á Reyðarfirði (án Alcoa) Hlutfall			Hvar vinna þeir sem búa á Reyðarfirði (með Alcoa) Hlutfall		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	35	0,02	0,00	0,05	0,01	0,00	0,03
Fellabær	38						
Seyðisfjörður	60						
Reyðarfjörður	4	0,91	0,91	0,90	0,96	0,97	0,95
Eskifjörður	15	0,04	0,04	0,03	0,01	0,01	0,01
Neskaupsstaður	37	0,04	0,04	0,03	0,01	0,01	0,01
Fáskrúðsfjörður	22						

Tafla 7-13 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir þá sem búa á Reyðarfirði ásamt fjarlægð í kílómetrum frá bæjarkjörnum

Ef skoðaðir eru fyrstu þrjú dálkarnir fyrir svör án Alcoa eru 91% þeirra sem búa á Reyðarfirði sem vinna á Reyðarfirði. Í síðustu þremur dálkunum sem innihalda einnig svör frá starfsmönnum Alcoa er hlutfallið 96% og er hlutfallið svipað milli kynja.


Í töflu 7.14 fyrir neðan eru niðurstöðurnar heimfærðar yfir á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Reyðarfirði. Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára sem býr á Reyðarfirði eru 731 samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 1.janúar 2015, sem skiptist í 418 karla og 313 konur. Af þessum 731 tóku 214 þátt í verkefninu, 136 karlar og 78 kona, eftir standa því 517 manns sem ekki tóku þátt (282 karlar og 235 konur). Gert er ráð fyrir að þessir 517 fylgi vinnusóknarmynstri í fyrstu þremur dálkum í töflu 7.13, þess mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa þar sem upplýsingar um alla starfsmenn Alcoa eru nú þegar með í verkefninu.

	Fjarlægð frá Reyðarfirði	Hvar vinna þeir sem búa á Reyðarfirði, heimfært á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára (Hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)			
Egilsstaðir	35	0,02	0,00	0,04
Fellabær	38			
Seyðisfjörður	60			
Reyðarfjörður	4	0,92	0,93	0,91
Eskifjörður	15	0,03	0,03	0,02
Neskaupsstaður	37	0,029	0,033	0,022
Fáskrúðsfjörður	22			

Tafla 7-14 Vinnusóknarmynstur(hlutfall) fyrir allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Reyðarfirði


Af niðurstöðunum í töflu 7.14 má sjá að 92% vinnandi fólks sem býr á Reyðarfirði vinnur á Reyðarfirði. Hlutfallið er svipað fyrir bæði konur og karla, sem er öðruvísi en hjá öllum hinum bæjarkjörnum þar sem hlutfallið milli kynjanna var töluvert skakkt einmitt út af því að fleiri karlar úr hinum bæjarkjörnunum sækja vinnu í Fjarðarál en konur.

7.8 Reyðarfjörður/Fjarðarál - Búsetumynstur



Mynd 7-13 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Reyðarfirði (ekki Fjarðarál)

Þegar skoðað er búsetumynstur fyrir Reyðarfjörð í staðinn fyrir vinnusóknarmynstur, þ.e. hvar fólk sem vinnur á Reyðarfirði býr er nauðsynlegt að greina á milli þeirra sem vinna annars vegar á Reyðarfirði og hins vegar hjá Alcoa Fjarðarál og öðrum fyrirtækjum á Hrauni. Á mynd 7.13 sést búsetumynstrið fyrir þá sem vinna á Reyðarfirði en á mynd 7.14 sést búsetumynstur fyrir þá sem vinna hjá Alcoa Fjarðarál og öðrum fyrirtækjum á Hrauni. Af þessum tveimur myndum sést skýrt að aðdráttarafli fyrirtækjanna á Hrauni er töluvert meira en annarra fyrirtækja á Reyðarfirði.



Mynd 7-14 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á hjá Fjarðaráli og öðrum fyrirtækjum á Hrauni.

Nánari greining á niðurstöðum fyrir búsetumynstur þeirra sem vinna annars vegar á Reyðarfirði og hins vegar á Hrauni má sjá í töflum 7.15 og 7.16, þar sem niðurstöðum er skipt upp eftir kyni og gefið upp sem hlutfall. Búsetumynstrið er því miður ekki hægt að heimfæra yfir á alla þá sem vinna á Reyðarfirði, líkt og vinnusóknarmynstrin því að gögn um heildarfjölda starfa á Reyðarfirði eru því miður ekki til.

	Fjarlægð til Reyðarfjarðar (km)	Hvar búa þeir sem vinna á Reyðarfirði (án Fjarðaráls)			Hvar búa þeir sem vinna á Reyðarfirði (án Fjarðaráls) hlutfall		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	35	10	7	3	0,12	0,18	0,07
Fellabær	38	1	1		0,01	0,03	0,00
Seyðisfjörður	60	1	1		0,01	0,03	0,00
Reyðarfjörður	2	52	19	33	0,61	0,49	0,72
Eskifjörður	15	10	5	5	0,12	0,13	0,11
Neskaupsstaður	37	4	2	2	0,05	0,05	0,04
Fáskrúðsfjörður	22	7	4	3	0,08	0,10	0,07
Samtals		85	39	46	1	1	1

Tafla 7-15 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Reyðarfirði (ekki Fjarðarál og önnur fyrirtæki á Hrauni)

Niðurstöður fyrir búsetumynstur Reyðarfjarðar án fyrirtækjanna á Hrauni sýna töluvert aðra dreifingu í búsetu en hinir bæjarkjarnarnir, hérna eru eingöngu 61% þeirra sem vinna á Reyðarfirði sem að búa á

Reyðarfirði. Reyðarfjörður dregur því fólk lengra að sér en aðrir bæjarkjarnar þó svo að Fjarðarál og fyrirtækjum á Hrauni séu ekki talin með hér. Þó má gera ráð fyrir að áhrifa Fjarðaráls gæti einnig töluvert í fyrirtækjum á Reyðarfirði sjálfum. Taka verður fram að hér er eingöngu um svör þeirra sem tóku þátt í verkefninu að ræða því ekki er hægt að heimfæra búsetumynstrið yfir á alla þá sem vinna í Reyðarfirði, líkt og vinnusóknarmynstrin því að gögn um heildarfjölda starfa á Reyðarfirði eru því miður ekki til.


Niðurstöður fyrir búsetumynstur þeirra sem vinna á Hrauni má hins vegar sjá í töflu 7.16 fyrir neðan.

Bæjarkjarni	Fjarlægð til Reyðarfjarðar (km)	Hvar búa þeir sem vinna á Hrauni (Fjarðarál ofl)			Hvar búa þeir sem vinna á Hrauni (hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Egilsstaðir	35	151	117	34	0,30	0,31	0,30
Fellabær	38	16	10	6	0,03	0,03	0,05
Seyðisfjörður	60	12	12		0,02	0,03	0,00
Reyðarfjörður	2	154	113	41	0,31	0,30	0,36
Eskifjörður	15	70	55	15	0,14	0,14	0,13
Neskaupsstaður	37	55	44	11	0,11	0,12	0,10
Fáskrúðsfjörður	22	39	31	8	0,08	0,08	0,07
Samtals		497	382	115	1	1	1


Tafla 7-16 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna hjá Fjarðaráli og öðrum fyrirtækjum á Hrauni

Niðurstöður fyrir búsetumynstur þeirra sem vinna á Hrauni sýnir að 31% þeirra sem vinna þar búa á Reyðarfirði, 30% búa á Egilsstöðum, 14% á Eskifirði, 11% á Neskaupsstað, 8% á Fáskrúðsfirði og 2-3% á Seyðisfirði og í Fellabæ. Hlutfallið er svipað hjá bæði konum og körlum þó svo að konurnar séu vissulega mikið færri en karlarnir.

7.9 Eskifjörður - Vinnusóknarmynstur



Mynd 7-15 Eskifjörður, yfirlit yfir vegalengdir



Mynd 7-16 Vinnumynstur og svæði fyrir þá sem eiga heima á Eskfirði.

Nánari greining á niðurstöðum fyrir Eskifjörð má sjá í töflu 7.17, þar sem niðurstöðum er bæði skipt upp eftir kyni en einnig eftir því hvort að starfsmenn Alcoa Fjarðaráls séu inn í tölunum eða ekki. Ástæðan fyrir því að gerður er greinarmunur á því hvort Alcoa Fjarðarál sé með í tölunum eða ekki er sú að gögnin sem fengust frá Fjarðaráli innihélt upplýsingar um alla starfsmenn fyrirtækisins. Það þýðir að þegar á að heimfæra gögnin yfir á alla íbúa svæðisins er líklegra að þeir fylgi sama mynstri og þeir sem ekki starfa hjá Alcoa (fyrstu þrjú dálkarnir í töflu 7.17)

	Hvar vinna þeir sem búa á Eskifirði (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa á Eskifirði (með Alcoa)		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni						
Egilsstaðir	1		1	1		1
Fellabær						
Seyðisfjörður						
Reyðarfjörður	19	11	8	82	60	22
Eskifjörður	35	13	22	35	13	22
Neskaupsstaður	1	1		1	1	
Fáskrúðsfjörður						
Samtals	56	25	31	119	74	45

Tafla 7-17 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem búa á Eskifirði, skipt niður eftir kyni og því hvort að starfsmenn Alcoa séu með í tölunum eða ekki.

Í töflu 7.18 fyrir neðan er tölunum breytt í hlutfall og sömuleiðis er sett inn fjarlægð frá Egilsstöðum í alla bæjarkjarna í kílómetrum.

	Fjarlægð frá Eskifirði	Hvar vinna þeir sem búa á Eskifirði (án Alcoa) Hlutfall			Hvar vinna þeir sem búa á Eskifirði (með Alcoa) Hlutfall		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	49	0,02	0,00	0,03	0,01	0,00	0,02
Fellabær	52						
Seyðisfjörður	75						
Reyðarfjörður	15	0,34	0,44	0,26	0,69	0,81	0,49
Eskifjörður	1	0,63	0,52	0,71	0,29	0,18	0,49
Neskaupsstaður	24	0,02	0,04	0,00	0,01	0,01	0,00
Fáskrúðsfjörður	36						

Tafla 7-18 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir þá sem búa á Eskifirði ásamt fjarlægð í kílómetrum frá bæjarkjörnum

Ef skoðaðir eru fyrstu þrjú dálkarnir fyrir svör án Alcoa eru 63% þeirra sem búa á Eskifirði sem vinna einnig á Eskifirði. Þetta hlutfall er hins vegar töluvert mismunandi eftir kynjum, 52% karla á móti 71% kvenna. Séu síðustu þrjú dálkarnir sem innihalda einnig svör frá starfsmönnum Alcoa sést að hlutföllin breytast mikið, niður í að eingöngu 29% þeirra sem búa á Eskifirði vinni á Eskifirði og hlutfallið milli karla og kvenna skekkist einnig mikið, niður í 18% karla og 49% kvenna. Gera má ráð fyrir að heildarniðurstöður fyrir allt vinnandi fólk sem býr á Egilsstöðum liggi á milli þessarar tveggja gilda.


Í töflu 7.19 fyrir neðan eru niðurstöðurnar heimfærðar yfir á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Eskifirði. Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára sem býr á Eskifirði eru 626 samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 1.janúar 2015, sem skiptist í 345 karla og 281 konu. Af þessum 626 tóku 119 þátt í verkefninu, 74 karlar og 45 konur, eftir standa því 507 manns sem ekki tóku þátt (271 karl og 236 konur). Gert er ráð fyrir að þessir 507 fylgi vinnusóknarmynstri í fyrstu þremur dálkum í töflu 7.18, þess mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa þar sem upplýsingar um alla starfsmenn Alcoa eru nú þegar með í verkefninu.

	Fjarlægð frá Eskifirði	Hvar vinna þeir sem búa á Eskifirði, heimfært á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára (Hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)			
Egilsstaðir	49	0,02	0,00	0,03
Fellabær	52			
Seyðisfjörður	75			
Reyðarfjörður	15	0,41	0,52	0,30
Eskifjörður	1	0,56	0,45	0,67
Neskaupsstaður	24	0,016	0,034	0,000
Fáskrúðsfjörður	36			

Tafla 7-19 Vinnusóknarmynstur(hlutfall) fyrir allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Eskifirði

Af niðurstöðunum í töflu 7.19 má sjá að eingöngu 56% vinnandi fólks sem býr á Eskifirði vinnur á Eskifirði. Þetta eru töluvert lægra hlutfall en í hinum bæjarkjörnunum. Hlutfallið er 45% fyrir karla og 67% fyrir konur, þannig að minna en helmingur karla sem búa á Eskifirði vinna á Eskifirði. Þarna spilar Fjarðarál mjög stórt hlutverk því að heil 53% karla sem búa á Eskifirði vinna á Reyðarfirði og 30% kvenna þannig að Eskifjörður nálgast það að vera úthverfi Reyðarfjarðar.

7.10 Eskifjörður- Búsetumynstur



Mynd 7-17 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Eskifirði.


Þegar skoðað er búsetumynstur fyrir Eskifjörð í staðinn fyrir vinnusóknarmynstur, þ.e. hvar fólk sem vinnur á Eskifirði býr sést á mynd 7.17 að búsetumynstrið er töluvert öðruvísi en vinnusóknarmynstrið á mynd 7.16. Nánari greining á niðurstöðum fyrir búsetumynstur þeirra sem vinna á Eskifirði má sjá í töflu 7.20, þar sem niðurstöðum er skipt upp eftir kyni og gefið upp sem hlutfall. Hérna skiptir Alcoa Fjarðarál ekki máli því eingöngu er um vinnandi fólk á Eskifirði að ræða. Búsetumynstrið er ekki heldur hægt að heimfæra yfir á alla þá sem vinna á Eskifirði, líkt og vinnusóknarmynstrin því að gögn um heildarfjölda starfa á Eskifirði eru því miður ekki til.

	Fjarlægð til Eskifjarðar (km)	Hvar búa þeir sem vinna á Eskifirði			Hvar búa þeir sem vinna á Eskifirði (hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni							
Egilsstaðir	49						
Fellabær	52						
Seyðisfjörður	75						
Reyðarfjörður	15	3	2	1	0,08	0,13	0,04
Eskifjörður	1	35	13	22	0,88	0,81	0,92
Neskaupsstaður	24	1	1		0,03	0,06	0,00
Fáskrúðsfjörður	36	1		1	0,03	0,00	0,04
Samtals		40	16	24	1	1	1


Tafla 7-20 Búsetumynstur fólks sem vinnur á Eskifirði

Niðurstöður fyrir búsetumynstur Eskifjarðar í töflu 7.20 sýna að heil 88% þeirra sem vinna á Eskifirði búa á Eskifirði, eða allt annað hlutfall en vinnusóknarmynstrin í töflu 7.19.

7.11 Neskaupsstaður - Vinnusóknarmynstur



Mynd 7-18 Neskaupsstaður, yfirlit yfir vegalengdir



Mynd 7-19 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem eiga heima á Neskaupsstað.

Nánari greining á niðurstöðum fyrir Neskaupsstað má sjá í töflu 7.21, þar sem niðurstöðum er bæði skipt upp eftir kyni en einnig eftir því hvort að starfsmenn Alcoa Fjarðarál séu inn í tölunum eða ekki. Ástæðan fyrir því að gerður er greinarmunur á því hvort Alcoa Fjarðarál sé með í tölunum eða ekki er sú að gögnin sem fengust frá Fjarðaráli innihélt upplýsingar um alla starfsmenn fyrirtækisins. Það þýðir að þegar á að heimfæra gögnin yfir á alla íbúa svæðisins er líklegra að þeir fylgi sama mynstri og þeir sem ekki starfa hjá Alcoa (fyrstu þrjú dálkarnir í töflu 7.21)

	Hvar vinna þeir sem búa á Neskaupsstað (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa á Neskaupsstað (með Alcoa)		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni						
Egilsstaðir	1		1	1		1
Fellabær						
Seyðisfjörður						
Reyðarfjörður	13	11	2	59	46	13
Eskifjörður	1	1		1	1	
Neskaupsstaður	26	11	15	26	11	15
Fáskrúðsfjörður						
Samtals	41	23	18	87	58	29

Tafla 7-21 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem búa á Neskaupsstað, skipt niður eftir kyni og því hvort að starfsmenn Alcoa séu með í tölunum eða ekki.

Í töflu 7.22 fyrir neðan er tölunum breytt í hlutfall og sömuleiðis er sett inn fjarlægð frá Egilsstöðum í alla bæjarkjarna í kílómetrum.

	Fjarlægð frá Neskaupsstað (km)	Hvar vinna þeir sem búa á Neskaupsstað (án Alcoa) Hlutfall			Hvar vinna þeir sem búa á Neskaupsstað (með Alcoa) Hlutfall		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	73	0,02	0,00	0,06	0,01	0,00	0,03
Fellabær	76						
Seyðisfjörður	98						
Reyðarfjörður	37	0,32	0,48	0,11	0,68	0,79	0,45
Eskifjörður	24	0,02	0,04	0,00	0,01	0,02	0,00
Neskaupsstaður	2	0,63	0,48	0,83	0,30	0,19	0,52
Fáskrúðsfjörður	60						

Tafla 7-22 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir þá sem búa á Neskaupsstað ásamt fjarlægð í kílómetrum frá bæjarkjörnum

Ef skoðaðir eru fyrstu þrjú dálkarnir fyrir svör án Alcoa eru 63% þeirra sem búa á Neskaupsstað sem vinna einnig á Neskaupsstað. Þetta hlutfall er hins vegar töluvert mismunandi eftir kynjum, 48% karla á móti 83% kvenna. Séu síðustu þrjú dálkarnir sem innihalda einnig svör frá starfsmönnum Alcoa sést að hlutföllin breytast mikið, niður í að eingöngu 30% þeirra sem búa á Neskaupsstað vinni á Neskaupsstað. Líkt og fyrir Seyðisfjörð var svarhlutfall fyrir Neskaupsstað í lægri kantinum eða um 10% sem gæti valdið meiri óvissu í niðurstöðum


Í töflu 7.23 fyrir neðan eru niðurstöðurnar heimfærðar yfir á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Neskaupsstað. Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára sem býr á Neskaupsstað eru 882 samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 1.janúar 2015, sem skiptist í 478 karla og 403 konu. Af þessum 882 tóku 87 þátt í verkefninu, 58 karlar og 29 konur, eftir standa því 795 manns sem ekki tóku þátt (420 karlar og 374 konur). Gert er ráð fyrir að þessir 795 fylgi vinnusóknarmynstri í fyrstu þremur dálkum í töflu 7.22, þas mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa þar sem upplýsingar um alla starfsmenn Alcoa eru nú þegar með í verkefninu.

	Fjarlægð frá Neskaupsstað	Hvar vinna þeir sem búa á Neskaupsstað, heimfært á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára (Hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)			
Egilsstaðir	73	0,02	0,00	0,05
Fellabær	76			
Seyðisfjörður	98			
Reyðarfjörður	37	0,35	0,52	0,14
Eskifjörður	24	0,02	0,04	0,00
Neskaupsstaður	2	0,60	0,44	0,81
Fáskrúðsfjörður	60			

Tafla 7-23 Vinnusóknarmynstur fyrir allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Neskaupsstað.

Af niðurstöðunum í töflu 7.23 má sjá að 60% vinnandi fólks sem býr á Neskaupsstað vinnur á Neskaupsstað, sem er örlítið hærra hlutfall en á Eskifirði. Hlutfallið er 44% fyrir karla og 81% fyrir konur, þannig að minna en helmingur karla sem búa á Neskaupsstað vinna á Neskaupsstað. Þarna spilar Fjarðarál mjög stórt hlutverk því að heil 52% karla sem búa á Neskaupsstað vinna á Reyðarfirði og 14% kvenna og nálgast Neskaupsstaður það að verða úthverfi Reyðarfjarðar svipað og Eskifjörður.

7.12 Neskaupsstaður - Búsetumynstur



Mynd 7-20 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Neskaupsstað.


Þegar skoðað er búsetumynstur fyrir Neskaupsstaði staðinn fyrir vinnusóknarmynstur, þ.e. hvar fólk sem vinnur á Neskaupsstað býr sést á mynd 7.20 að búsetumynstrið er töluvert öðruvísi en vinnusóknarmynstrið á mynd 7.19. Nánari greining á niðurstöðum fyrir búsetumynstur þeirra sem vinna á Neskaupsstað má sjá í töflu 7.24, þar sem niðurstöðum er skipt upp eftir kyni og gefið upp sem hlutfall. Hérna skiptir Alcoa Fjarðaráll ekki máli því eingöngu er um vinnandi fólk á Neskaupsstað að ræða. Búsetumynstrið er ekki heldur hægt að heimfæra yfir á alla þá sem vinna á Neskaupsstað, líkt og vinnusóknarmynstrin því að gögn um heildarfjölda starfa á Neskaupsstað eru því miður ekki til.

	Fjarlægð til Neskaupsstaðar (km)	Hvar búa þeir sem vinna á Neskaupsstað			Hvar búa þeir sem vinna á Neskaupsstað (hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni							
Egilsstaðir	73	1	1		0,03	0,07	0,00
Fellabær	76						
Seyðisfjörður	98						
Reyðarfjörður	37	3	2	1	0,10	0,13	0,06
Eskifjörður	24	1	1		0,03	0,07	0,00
Neskaupsstaður	2	26	11	15	0,84	0,73	0,94
Fáskrúðsfjörður	60						
Samtals		31	15	16	1	1	1


Tafla 7-24 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Neskaupsstað

Niðurstöður fyrir búsetumynstur Neskaupsstaðar í töflu 7.24 sýna að 84% þeirra sem vinna á Neskaupsstað búa á Neskaupsstað, eða allt annað hlutfall en vinnusóknarmynstrin í töflu 7.23.

7.13 Fáskrúðsfjörður - Vinnusóknarmynstur



Mynd 7-21 Fáskrúðsfjörður yfirlit yfir vegalengdir



Mynd 7-22 Vinnumynstur og svæði fyrir þá sem eiga heima á Fáskrúðsfirði.

Nánari greining á niðurstöðum fyrir Fáskrúðsfjörð má sjá í töflu 7.25, þar sem niðurstöðum er bæði skipt upp eftir kyni en einnig eftir því hvort að starfsmenn Alcoa Fjarðarál séu inn í tölunum eða ekki. Ástæðan fyrir því að gerður er greinarmunur á því hvort Alcoa Fjarðarál sé með í tölunum eða ekki er sú að gögnin sem fengust frá Fjarðaráli innihélt upplýsingar um alla starfsmenn fyrirtækisins. Það þýðir að þegar á að heimfæra gögnin yfir á alla íbúa svæðisins er líklegra að þeir fylgi sama mynstri og þeir sem ekki starfa hjá Alcoa (fyrstu þrjú dálkarnir í töflu 7.25)

	Hvar vinna þeir sem búa á Fáskrúðsfirði (án Alcoa)			Hvar vinna þeir sem búa á Fáskrúðsfirði (með Alcoa)		
	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni						
Egilsstaðir						
Fellabær						
Seyðisfjörður						
Reyðarfjörður	14	9	5	46	35	11
Eskifjörður	1		1	1		1
Neskaupsstaður						
Fáskrúðsfjörður	12	1	11	12	1	11
Samtals	27	10	17	59	36	23

Tafla 7-25 Vinnusóknarmynstur fyrir þá sem búa á Fáskrúðsfirði, skipt niður eftir kyni og því hvort að starfsmenn Alcoa séu með í tölunum eða ekki.

Í töflu 7.26 fyrir neðan er tölunum breytt í hlutfall og sömuleiðis er sett inn fjarlægð frá Egilsstöðum í alla bæjarkjarna í kílómetrum.

	Fjarlægð frá Fáskrúðsfirði (km)	Hvar vinna þeir sem búa á Fáskrúðsfirði (án Alcoa) Hlutfall			Hvar vinna þeir sem búa á Fáskrúðsfirði (með Alcoa) Hlutfall		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)						
Egilsstaðir	50						
Fellabær	53						
Seyðisfjörður	75						
Reyðarfjörður	24	0,52	0,90	0,29	0,78	0,97	0,48
Eskifjörður	36	0,04	0,00	0,06	0,02	0,00	0,04
Neskaupsstaður	60						
Fáskrúðsfjörður	1	0,44	0,10	0,65	0,20	0,03	0,48

Tafla 7-26 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir þá sem búa á Fáskrúðsfirði ásamt fjarlægð í kílómetrum frá bæjarkjörnum

Ef skoðaðir eru fyrstu þrjú dálkarnir fyrir svör án Alcoa eru eingöngu 44% þeirra sem búa á Fáskrúðsfirði sem vinna einnig á Fáskrúðsfirði. Þetta hlutfall er hins vegar töluvert mismunandi eftir kynjum, 10% karla á móti 65% kvenna. Séu síðustu þrjú dálkarnir sem innihalda einnig svör frá starfsmönnum Alcoa sést að hlutföllin breytast mikið, niður í að eingöngu 20% þeirra sem búa á Fáskrúðsfirði vinni á Fáskrúðsfirði og hlutfallið milli kynja fer í eingöngu 3% karla og 48% kvenna. Svarhlutfall fyrir Fáskrúðsfjörð var ásætlanlegt eða tæp 15%, en engu að síður benda niðurstöðurnar til þess að óvissan í gögnunum sé þó nokkur.

Í töflu 7.27 fyrir neðan eru niðurstöðurnar heimfærðar yfir á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Fáskrúðsfirði. Heildarfjöldi vinnandi fólks á aldrinum 20-67 ára sem býr á Fáskrúðsfirði eru 410 samkvæmt tölum Hagstofunnar fyrir 1.janúar 2015, sem skiptist í 231 karl og 179 konur. Af þessum 410 tóku 59 þátt í verkefninu, 36 karlar og 23 konur, eftir standa því 351 manns sem ekki tóku þátt (195 karlar og 156 konur). Gert er ráð fyrir að þessir 351 fylgi vinnusóknarmynstri í fyrstu þremur dálkum í töflu 7.26, þess mynstri þeirra sem ekki vinna hjá Alcoa þar sem upplýsingar um alla starfsmenn Alcoa eru nú þegar með í verkefninu.

	Fjarlægð frá Fáskrúðsfirði	Hvar vinna þeir sem búa á Fáskrúðsfirði, heimfært á allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára (Hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur
Bæjarkjarni	(km)			
Egilsstaðir	50			
Fellabær	53			
Seyðisfjörður	75			
Reyðarfjörður	24	0,56	0,91	0,32
Eskifjörður	36	0,03	0,00	0,06
Neskaupsstaður	60			
Fáskrúðsfjörður	1	0,41	0,09	0,63

Tafla 7-27 Vinnusóknarmynstur (hlutfall) fyrir allt vinnandi fólk á aldrinum 20-67 ára sem býr á Fáskrúðsfirði.

Af niðurstöðunum í töflu 7.27 má sjá að 41% vinnandi fólks sem býr á Fáskrúðsfirði vinnur á Fáskrúðsfirði. Þetta eru lægsta hlutfall af öllum bæjarkjörnunum sem voru til skoðunar í þessu verkefni. Hlutfallið er eingöngu 9% fyrir karla og 63% fyrir konur. Svarhlutfall fyrir Fáskrúðsfjörð var ásættanlegt eða tæp 15%, en engu að síður benda niðurstöðurnar til þess að óvissan í gögnunum sé þó nokkur því skýrsluhöfundur telur ólíklegt að 91% af körlum sem búa á Fáskrúðsfirði vinni á Reyðarfirði. Niðurstöðurnar gefa engu að síður vísbindingu um það að Fáskrúðsfjörður sé, líkt og Eskifjörður verða að úthverfi Reyðarfjarðar.

7.14 Fáskrúðsfjörður - Búsetumynstur




Mynd 7-23 Búsetumynstur fyrir þá sem vinna á Fáskrúðsfirði.

Þegar skoðað er búsetumynstur fyrir Fáskrúðsfjörð í staðinn fyrir vinnusóknarmynstur, þ.e. hvar fólk sem vinnur á Fáskrúðsfirði býr sést á mynd 7.23 að búsetumynstrið er allt öðruvísi en vinnusóknarmynstrið á mynd 7.22. Allir þeir sem tóku þátt í verkefninu sem vinna á Fáskrúðsfirði (12 manns, 1 karl og 11 konur) búa líka á Fáskrúðsfirði.

7.15 Framhaldsskólar - Búsetumynstur

Búsetumynstur fyrir framhaldsskólana voru einnig skoðuð. Á mynd 7.24 má sjá búsetumynstur fyrir nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum (ME) og á mynd 7.25 má sjá búsetumynstur fyrir nemendur Verkmenntaskóla Austurlands (VA)




Mynd 7-24 Búsetumynstur fyrir nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum

Nánari greining á búsetumynstri nemenda ME, skipt eftir kynjum og hlutfalli má sjá í töflu 7.28 fyrir neðan

Bæjarkjarni	Fjarlægð til ME (km)	Hvar búa þeir sem stunda nám við ME			Hvar búa þeir sem stunda nám við ME (hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Egilsstaðir	2	122	59	63	0,49	0,54	0,46
Fellabær	5	26	11	15	0,10	0,10	0,11
Seyðisfjörður	27	20	8	12	0,08	0,07	0,09
Reyðarfjörður	36	35	15	20	0,14	0,14	0,14
Eskifjörður	49	23	10	13	0,09	0,09	0,09
Neskaupsstaður	71	2	1	1	0,01	0,01	0,01
Fáskrúðsfjörður	51	20	6	14	0,08	0,05	0,10
Samtals		248	110	138	1	1	1

Tafla 7-28 Búsetumynstur fyrir nemendur Menntaskólans á Egilsstöðum

Búsetumynstur fyrir ME sýnir að 59% nemenda koma frá Egilsstöðum og Fellabæ á meðan eingöngu tveir nemendur koma frá Neskaupsstað.



Mynd 7-25 Búsetumynstur fyrir nemendur Verkmenntaskóla Austurlands

Nánari greining á búsetumynstri nemenda VA, skipt eftir kynjum og hlutfalli má sjá í töflu 7.29 fyrir neðan

Bæjarkjarni	Fjarlægð til VA (km)	Hvar búa þeir sem stunda nám við VA			Hvar búa þeir sem stunda nám við VA (hlutfall)		
		Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur
Egilsstaðir	73	7	5	2	0,06	0,07	0,05
Fellabær	76	2	1	1	0,02	0,01	0,03
Seyðisfjörður	98	1	1		0,01	0,01	0,00
Reyðarfjörður	37	17	14	3	0,15	0,19	0,08
Eskifjörður	24	18	13	5	0,16	0,18	0,13
Neskaupsstaður	2	64	37	27	0,57	0,50	0,69
Fáskrúðsfjörður	60	4	3	1	0,04	0,04	0,03
Samtals		113	74	39	1	1	1

Tafla 7-29 Búsetumynstur fyrir nemendur Verkmenntaskóla Austurlands

Búsetumynstur fyrir nemendur VA sýna að 57% nemenda koma frá Neskaupsstað og 31% til viðbótar frá Eskifirði og Reyðarfirði á meðan eingöngu sjö nemendur koma frá Egilsstöðum.

Niðurstöður fyrir framhaldsskóla sýna skýrt að flestir nemendur velja skóla sem er nær sinni heimabyggð.

8 Niðurstöður - Vinnusóknarsvæði

Tilgangur verkefnisins var að rannsaka búsetu starfsfólks á vinnustöðum á Mið-Austurlandi, til að fá hugmynd um vinnusóknarmynstur (e. Commuting patterns) og geta út frá því skilgreint vinnusóknarsvæði. Í kafla 7 er búið að fara í gegnum vinnusóknarmynstrin fyrir alla bæjarkjarnanna sem voru til skoðunar í verkefninu, Egilsstaði, Fellabær, Seyðisfjörður, Reyðarfjörður, Eskifjörður, Neskaupsstaður og Fáskrúðsfjörður.

Þegar kemur hins vegar að því að skilgreina vinnusóknarsvæði, vaknar upp spurning um hvað á að miða við þegar við skilgreinum vinnusóknarsvæði, er t.d. Neskaupsstaður vinnusóknarsvæði fyrir Egilsstaði út af því að 0,5% íbúa Egilsstaða vinnur á Neskaupsstað? Flestir myndu sennilega svara því neitandi. Stóra spurningin er því við hvaða mörk á að miða þegar vinnusóknarsvæði er skilgreint, á að miða við svæði þar sem 90% íbúa sækir vinnu daglega, eða 80% eða 95%.

Til þess að reyna að meta hvar þessi mörk ættu að liggja var byrjað á að skoða hversu hátt hlutfall fólks vinnur í sama bæjarkjarna og það býr. Í töflu 8-1 má sjá yfirlit yfir það hlutfall íbúa sem vinnur innan sama bæjarkjarna og það býr. Það skal tekið fram að svarhlutfall bæjarkjarnanna var minnst á Seyðisfirði og Fáskrúðsfirði og því er óvissan í tölunum að öllum líkindum hæst fyrir þau svæði.

	Vinna innan bæjarkjarna		
	Samtals	Karlar	Konur
Egilsstaðir	73%	58%	88%
Fellabær	80%	68%	96%
Seyðisfjörður	83%	76%	91%
Reyðarfjörður	92%	93%	91%
Eskifjörður	56%	45%	67%
Neskaupsstaður	60%	44%	81%
Fáskrúðsfjörður	41%	9%	63%

Tafla 8-1 Yfirlit yfir það hlutfall íbúa sem vinnur innan sama bæjarkjarna og það býr

Niðurstöðurnar í töflu 8-1 sýna að 73% af íbúum Egilsstaða vinna innan Egilsstaða eða Fellabæjar, 80% af íbúum Fellabæjar vinna innan Egilsstaða eða Fellabæjar, 83% íbúa Seyðisfjarðar vinnur á Seyðisfirði osfrv.

Þannig eru t.d. heil 92% af íbúum Reyðarfjarðar sem vinna á Reyðarfirði, þannig að það er nokkuð skýrt að Reyðfirðingar eru ekki mikið að sækja vinnu annað en í nánasta umhverfi. Hlutfallið er hins vegar allt annað fyrir bæði Eskifjörð og Fáskrúðsfjörð þar sem um helmingur íbúa virðast sækja vinnu annars staðar en í nánasta umhverfi. Úr þessari töflu má því annars vegar draga þá ályktun að framboð af vinnu sé töluvert meira þar sem hlutfall er hærra eða þá að aðengi fólks sé takmarkaðra til að ferðast á milli. Ennfremur má draga þá ályktun að minna framboð sé á atvinnu þar sem hlutföllin eru lægri, t.d. á Eskifirði þar sem 56% íbúa vinna á Eskifirði.

Það sem er kannski hvað athyglisverðast er að það er ansi mikill munur á hlutföllum eftir því hvort er um karla eða konur að ræða. Hlutfallið af konum sem vinna innan sama bæjarkjarna er í flestum tilfellum töluvert hærra en hjá körlum, þannig að konurnar virðast almennt ferðast styttra til vinnu. Stóra spurningin þar er hversu mikið það helgast af fjölskyldulífi og þeirri tilhneigingu að konur séu almennt nær heimilinu

eða hversu mikið það helgist af skort á áhuga á löngum ferðalögum eða minni vilja til að ferðast um erfiða vegi. Í niðurstöðum í kafla 6 um bakgrunnsupplýsingar kemur nefnilega skýrt fram að konur virðast almennt minna viljugri til að ferðast en karlar (sjá gröf 6.9-6.16) og þeim virðast sömuleiðis almennt finnast vegir á borð við heiði, Fjallveg, göng minna aðlaðandi en körlum. Þannig má velta fyrir sér hvort að bættar samgöngur gætu stækkað vinnusóknarsvæði kvenna meira eða hvort að það er meira spurning um að atvinnutækifærin sem eru í boði séu einfaldlega ekki nógu áhugaverð fyrir konur?

Á sama hátt og skoðað var hlutfall fólks sem vinnur í sama bæjarkjarna og það býr í töflu 8-1, er líka hægt að skoða það hlutfall fólks sem býr í sama bæjarkjarna og það vinnur (tafla 8-2). Í töflu 8-1 er þannig svarað spurningunni "hvert er hlutfall þeirra sem búa á Seyðisfirði sem vinna líka á Seyðisfirði" á meðan tafla 8-2 svarar spurningunni "hvert er hlutfall þeirra sem vinna á Seyðisfirði sem búa líka á Seyðisfirði"

Það er hins vegar nauðsynlegt að hafa í huga að tafla 8-2 á eingöngu við svör þeirra sem tóku þátt í verkefninu á meðan tafla 8-1 var heimfærð yfir á alla íbúa svæðisins. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að heimfæra töflu 8-2 yfir á allt vinnandi fólk á Austurlandi er að upplýsingar vantar um heildar starfafjölda á svæðinu, en það er einmitt líka ein aðalástæðan fyrir því að ráðist var í þetta verkefni.

	Búa innan bæjarkjarna		
	Samtals	Karlar	Konur
Egilsstaðir	96%	99%	95%
Fellabær	100%	100%	100%
Seyðisfjörður	100%	100%	100%
Reyðarfjörður	61%	49%	72%
Eskifjörður	88%	81%	92%
Neskaupsstaður	84%	73%	94%
Fáskrúðsfjörður	100%	100%	100%

Tafla 8-2 Yfirlit yfir hlutfall fólks sem býr innan sama bæjarkjarna og það vinnur

Niðurstöðurnar í töflu 8-2 sýna t.d að allir sem vinna á Seyðisfirði búa á Seyðisfirði, á meðan að tafla 8-1 sýnir að af þeim sem búa á Seyðisfirði eru 83% sem vinna líka á Seyðisfirði, þannig að 17% af þeim sem búa á Seyðisfirði sækir vinnu annars staðar.

Af töflu 8-2 má einnig sjá að hlutfallið er frekar hátt fyrir alla bæjarkjarna nema Reyðarfjörð sem gefur til kynna að framboð af störfum sé meira á Reyðarfirði heldur en fjöldi íbúa og stafar það af áhrifum Fjarðaráls

Til þess að kanna áhrif Reyðarfjarðar til hlítar var einnig gerð sambærileg tafla og tafla 8-1 nema núna var athugað hlutfall fólk sem vinnur innan bæjarkjarna eða vinnur á Reyðarfirði, sjá töflu 8-3.

	Vinna innan bæjarkjarna eða á Reyðarfirði		
	Samtals	Karlar	Konur
Egilsstaðir	99%	99%	100%
Fellabær	100%	100%	100%
Seyðisfjörður	91%	90%	91%
Reyðarfjörður	92%	93%	91%
Eskifjörður	97%	97%	97%
Neskaupsstaður	95%	96%	95%
Fáskrúðsfjörður	97%	100%	95%

Tafla 8-3 Yfirlit yfir það hlutfall íbúa sem vinnur innan sama bæjarkjarna eða á Reyðarfirði.


Niðurstöðurnar í töflu 8-3 sýna skýrt hversu sterk áhrif Fjarðarás eru á svæðið en öll hlutföll eru þarna komin yfir 90%. Þannig má t.d sjá að 97% af íbúum Eskifjarðar vinna annaðhvort á Eskifirði eða á Reyðarfirði, 99% íbúa Egilsstaða vinna annaðhvort á Egilsstöðum eða á Reyðarfirði osfrv. Niðurstöðurnar sýna þannig að vinnusóknarsvæði Egilsstaða, Fellabæjar, Eskifjarðar, Neskaupsstaðar og Fáskrúðsfjarðar virðast einskorðast við eigin bæjarkjarna og Reyðarfjörð.

Hlutföllin fyrir Seyðisfjörð og Reyðarfjörð eru aðeins lægri og voru þeir því skoðaðir aðeins nánar. Þegar Seyðisfjörður er skoðaður nánar sést að 91% íbúa Seyðisfjarðar vinnur annaðhvort á Seyðisfirði eða á Reyðarfirði, þau 9% sem vantar upp á vinna síðan á Egilsstöðum. Þegar Reyðarfjörður er skoðaður nánar sést að 92% af íbúum Reyðarfjarðar vinnur á Reyðarfirði, þau 8% sem vantar upp á skipta sér nær jafnt á milli Eskifjarðar, Neskaupsstaðar og Egilsstaða.

Út frá þessum gögnum voru að lokum vinnusóknarsvæðin skilgreind. Til að byrja með var ákveðið að sýna vinnusóknarsvæðin í þessu verkefni skipt upp eftir kynjum því það er mjög skýrt að svæðin eru töluvert mismunandi fyrir karla og konur. Ennfremur var ákveðið að skilgreina vinnusóknarsvæðin sem þau svæði þar sem 90% af íbúunum vinna. Reyndar var einnig ákveðið að fyrir þau 10% sem eftir standa að ef meira en helmingur þeirra ynni á einum stað myndi sá staður telja með í vinnusóknarsvæði. Þessi skilgreining er að sjálfsögðu opin til umræðu og breytinga.


Það er þó nokkuð ljóst að niðurstöðurnar sýna nokkuð skýrt að ekki er hægt að segja að Mið-Austurland geti talist sem eitt vinnusvæði. Þó svo að áhrif Fjarðarás séu sterk og það nái að teygja sig langt eftir starfsmönnum er ekki hægt að segja sama um önnur svæði. Það skal líka tekið fram að þau vinnusóknarsvæði sem eru skilgreind hér miðast við stöðuna eins og hún er í dag, en ekki mögulegar framtíðarspár.

Á myndum 8.1-8.7 eru vinnusóknarsvæðin sýnd myndrænt og útskýrð nánar.




Mynd 8-1 Vinnusóknarsvæði fyrir Egilsstaði

Á mynd 8.1 má sjá vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Egilsstaða, vinnusóknarsvæðið inniheldur Egilsstaði, Fellabæ og Reyðarfjörð. Eskifjörður, Neskaupsstaður, Seyðisfjörður og Fáskrúðsfjörður ná ekki að teljast til vinnusóknarsvæðis Egilsstaða miðað við þær skilgreiningar sem notaðar eru hér í verkefninu




Mynd 8-2 Vinnusóknarsvæði fyrir Fellabæ

Á mynd 8.2 má sjá vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Fellabæjar, vinnusóknarsvæðið inniheldur Egilsstaði, Fellabæ og Reyðarfjörð fyrir karla en eingöngu Egilsstaði og Fellabæ fyrir konur. Eskifjörður, Neskaupsstaður, Seyðisfjörður og Fáskrúðsfjörður ná ekki að teljast til vinnusóknarsvæðis Egilsstaða miðað við þær skilgreiningar sem notaðar eru hér í verkefninu




Mynd 8-3 Vinnusóknarsvæði fyrir Seyðisfjörð

Á mynd 8.3 má sjá vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Seyðisfjarðar, vinnusóknarsvæðið inniheldur Seyðisfjörð, Egilsstaði og Reyðarfjörð fyrir karla en eingöngu Seyðisfjörð og Egilsstaði fyrir konur.




Mynd 8-4 Vinnusóknarsvæði fyrir Reyðarfjörð

Á mynd 8.4 má sjá vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Reyðarfjarðar, vinnusóknarsvæðið er eingöngu Reyðarfjörður, þau ca 8% sem vantar upp á dreifa sér u.þ.b jafnt á Egilsstaði, Eskifjörð og Neskaupsstað og ná því ekki að teljast til vinnusóknarsvæðis samkvæmt skilgreiningu þessa verkefnis.




Mynd 8-5 Vinnusóknarsvæði fyrir Eskifjörð

Á mynd 8.5 má sjá vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Eskifjarðar, vinnusóknarsvæðið er Eskifjörður og Reyðarfjörður en hlutföllin eru töluvert mismunandi hvort um konur eða karla er að ræða. Hérna vekur athygli hversu stórt hlutfall Eskifirðinga er að vinna á Reyðarfirði og er Eskifjörður á mörkum þessa að vera nokkurs konar úthverfi fyrir Reyðarfjörð.



Mynd 8-6 Vinnusóknarsvæði fyrir Neskaupsstað

Á mynd 8.6 má sjá vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Neskaupsstaðar, vinnusóknarsvæðið hér er Reyðarfjörður fyrir karlana en Egilsstaður nær að koma inn sem vinnusóknarsvæði fyrir konurnar. Það sem vekur athygli hér er að Eski fjörður kemst ekki inn sem vinnusóknarsvæði Neskaupsstaðar þrátt fyrir að vera næsti bær við. Sé þetta skoðað í samhengi við vinnusóknarsvæði Eskifjarðar má leiða líkur að því að atvinnuframboð á Eskifirði sé ekki mikið.



Mynd 8-7 Vinnusóknarsvæði fyrir Fáskrúðsfjörð

Á mynd 8.7 má sjá vinnusóknarsvæði fyrir íbúa Fáskrúðsfjarðar, vinnusóknarsvæðið hér er Fáskrúðsfjörður og Reyðarfjörður fyrir karlana en Eskifjörður nær einnig að koma inn sem vinnusóknarsvæði fyrir konurnar. Það sem vekur athygli hér er hversu lágt hlutfall karla sem búa á Fáskrúðsfirði virðast vinna á Fáskrúðsfirði. Svarhlutfallið fyrir Fáskrúðsfjörð var 15% sem er í lægra lagi og gæti því mögulega valdið óvissu í niðurstöðunum.

9 Viðauki 1 – íbúafjöldi á landinu öllu (sveitarfélög með >300 íbúa), skipting milli kynja

2015				%	%
	Alls	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Svalbarðsstrandarhreppur	414	235	179	0,568	0,432
Skaftárhreppur	460	255	205	0,554	0,446
Húnavatnshreppur	414	224	190	0,541	0,459
Fjarðabyggð	4.747	2.556	2.191	0,538	0,462
Grímsnes- og Grafningshreppur	431	232	199	0,538	0,462
Hrunamannahreppur	794	426	368	0,537	0,463
Mýrdalshreppur	480	255	225	0,531	0,469
Flóahreppur	616	327	289	0,531	0,469
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.150	1.140	1.010	0,530	0,470
Sveitarfélagið Garður	1.425	754	671	0,529	0,471
Strandabyggð	473	248	225	0,524	0,476
Seyðisfjörður	653	341	312	0,522	0,478
Sandgerði	1.580	825	755	0,522	0,478
Rangárþing eystra	1.749	913	836	0,522	0,478
Vesturbyggð	1.002	523	479	0,522	0,478
Hvalfjarðarsveit	635	331	304	0,521	0,479
Dalabyggð	680	354	326	0,521	0,479
Langanesbyggð	513	267	246	0,520	0,480
Vestmannaeyjar	4.272	2.223	2.049	0,520	0,480
Grindavíkurbær	2.995	1.558	1.437	0,520	0,480
Blönduóssbær	861	446	415	0,518	0,482
Bolungarvík	923	478	445	0,518	0,482
Borgarbyggð	3.539	1.832	1.707	0,518	0,482
Þingeyjarsveit	920	476	444	0,517	0,483
Hörgársveit	567	293	274	0,517	0,483
Sveitarfélagið Skagaströnd	488	252	236	0,516	0,484
Bláskógabyggð	961	496	465	0,516	0,484
Sveitarfélagið Ölfus	1.885	972	913	0,516	0,484
Dalvíkurbyggð	1.861	959	902	0,515	0,485
Djúpavogshreppur	422	217	205	0,514	0,486
Mosfellsbær	9.300	4.762	4.538	0,512	0,488
Vopnafjarðarhreppur	674	345	329	0,512	0,488
Snæfellsbær	1.679	859	820	0,512	0,488
Reykholahreppur	268	137	131	0,511	0,489
Grundarfjarðarbær	900	460	440	0,511	0,489
Fljótsdalshérað	3.454	1.758	1.696	0,509	0,491
Sveitarfélagið Árborg	8.052	4.097	3.955	0,509	0,491
Reykjanesbær	14.924	7.585	7.339	0,508	0,492

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	518	263	255	0,508	0,492
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.910	1.984	1.926	0,507	0,493
Stykkishólmur	1.107	561	546	0,507	0,493
Akranes	6.767	3.428	3.339	0,507	0,493
Sveitarfélagið Vogar	1.102	558	544	0,506	0,494
Hveragerði	2.384	1.206	1.178	0,506	0,494
Eyjafjarðarsveit	1.032	521	511	0,505	0,495
Norðurþing	2.806	1.416	1.390	0,505	0,495
Rangárþing ytra	1.548	778	770	0,503	0,497
Ísafjarðarbær	3.629	1.822	1.807	0,502	0,498
Fjallabyggð	2.037	1.021	1.016	0,501	0,499
Kópavogur	33.205	16.560	16.645	0,499	0,501
Reykjavík	121.822	60.433	61.389	0,496	0,504
Seltjarnarnes	4.411	2.188	2.223	0,496	0,504
Akureyri	18.191	9.011	9.180	0,495	0,505
Hafnarfjörður	27.875	13.795	14.080	0,495	0,505
Garðabær	14.453	7.099	7.354	0,491	0,509
Húnaþing vestra	1.171	569	602	0,486	0,514

Heimild: Hagstofa Íslands

10 Viðauki 2 – Spurningalistinn

* 1. Kyn?

- Karl
- Kona

* 2. Hvert er fæðingarár þitt?

* 3. Hvar er vinnustaður þinn?

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Strandgata og 740. Ef þú vinnur á mismunandi stöðum, tilgreindu þá þann vinnustað sem þú eyðir meirihluta vinnudags þíns á.

Götuheiti

Póstnúmer

* 4. Hvar býrðu?

Vinsamlegast tilgreindu götuheiti og/eða póstnúmer, t.d. Miðvangur og 700.

Götuheiti

Póstnúmer

* 5. Hvað er hæsta stig menntunar þinnar ?

- Grunnskólapróf
- Iðnnám eða verknám
- Stúdentspróf
- Háskólapróf B.Sc gráða
- M.Sc gráða eða hærra
- Annað

* 6. Hefur þú möguleika í núverandi vinnu á að vinna heima hjá þér ?

- Nei
- Já - einu sinni til tvisvar í mánuði
- Já - þrisvar til fjórum sinnum í mánuði
- Já - oft en fjórum sinnum í mánuði
- Já þegar mér hentar
- Já - á kvöldin og um helgar eftir hefðbundna vinnuviku á vinnustaðnum sjálfum.

* 7. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til vinnu?

- Bill
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi

* 8. Notar þú einhvern af neðangreindum ferðámátum stundum til vinnu í staðinn fyrir þann ferðamáta sem þú notar oftast? (hér má merkja við meira en einn valkost)

- Bill
- Strætó/Rúta
- Mótorhjól
- Reiðhjól
- Gangandi
- Nota alltaf sama ferðamát og í spurningu 7

* 9. Ef þú réðir staðsetningu núverandi vinnu þinnar, hvað væri vinnan langt frá heimili þínu að hámarki?

Dæmi: Þú vildir að hámarki geta gengið í 30 mín eða hjólað í 50 mín, þá merkirðu eingöngu við "Gangandi 30mín" og "Reiðhjól 50 mín"

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	25 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bill	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópferðabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

10. Ef þér byðist draumastarfið, hvað værir þú tilbúinn að ferðast lengi á hverjum degi í vinnuna að hámarki?

Dæmi: Þú værir tilbúinn að keyra í bíl í 30 mín eða taka strætó í 60 mín að hámarki, þá merkirðu eingöngu við "Bill 30 mín" og "Strætó 60 mín" (ef þú ert í draumastarfinu nú þegar geturðu sleppt því að svara þessari spurningu)

	5 mín	10 mín	15 mín	20 mín	25 mín	30 mín	40 mín	50 mín	60 mín eða meira
Bill	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Strætó/hópferðabifreið	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Reiðhjól	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gangandi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 11. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væru eftirfarandi samgöngumannvirki fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi ?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus - skiptir mig ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Fjallvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Heiði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Göng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malbikaður vegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Malarvegur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

* 12. Hversu aðlaðandi eða fráhrindandi væri eftirfarandi vegir fyrir þig ef þú þyrftir að ferðast um þau á hverjum degi?

	Mjög aðlaðandi	Frekar aðlaðandi	Hlutlaus, skiptir ekki máli	Nokkuð fráhrindandi	Mjög fráhrindandi
Fagridalur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Oddsskarð	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjarðarheiði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fáskrúðsfjarðargöng	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>